

MAGNÚS LEIFSSON

Flytur tölvulistaverk við lifandi tónlist

græjur

allt í MIÐJU BLAÐSINS



FASTEIGNIR

Ævintýralegt hús við sjóinn

sérblað um fasteignir

FYLGIR FRÉTTABLAÐINU Í DAG



PORSTEINN STEPHENSEN

Aldrei jafn grannur og fallegur

Fertugur í dag

TÍMAMÓT 18



FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

21. maí 2007 – 137. tölublað – 7. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 550 5000

MÁNUDAGUR

Semja vopnahlé

Heather Mills og Paul McCartney hafa samið um frið meðan skilnaður þeirra gengur í gegn. Þau vilja hlífa dóttur sinni.

FÓLK 25

Sveitabrúðkaupið selt

Fyrsta leikstjóraverkefni Valdísar Óskarsdóttur vekur mikla athygli.

FÓLK 34

Sáttamiðlun

„Það getur verið gagnlegt fyrir samfélagið, einstaklinga, fyrirtæki og fjölskyldur að vinna að úrlausn deilumála af fúsum og frjálsum vilja,“ skrifar Ásdís J. Rafnar hæstaréttarlögmaður.


Í DAG 16

Fara ekki ókeypis

Stjórnarformaður Silkeborg segir Íslendingana þrjá sem eru hjá félaginu ekki fara frítt.

ÍPRÓTTIR 29

VEÐRIÐ Í DAG



SKÚRAVEÐUR VERÐUR ALLS-RÁÐANDI um vestanvert landið í byrjun vikunnar, en bjartara austantil. Hiti á bilinu 3-10 stig, kaldast á Vestfjörðum, en hlýjast fyrir austan.

VEDUR 4



TIL VIÐRÆÐNA Geir H. Haarde tók vel á móti Ingibjörgu Sólrúnu Gísladóttur og öðrum Samfylkingarfólki sem kom til fundar í bústað forsætisráðherra á Þingvöllum um hádegisbil í gær.

Stjórnarmyndun á síðustu metrunum

Fulltrúar Sjálfstæðisflokks og Samfylkingar héldu áfram stjórnarmyndunarviðræðum á Þingvöllum í gær. Viðræður langt komnar og lýkur hugsanlega í dag.

STJÓRN MÁL Myndun nýrrar ríkisstjórnar Sjálfstæðisflokks og Samfylkingar er á síðustu metrunum og herma heimildir að líklegt sé að samkomulag takist í dag.

Fámennir hópar frá báðum flokkum funduðu í bústað forsætisráðherra á Þingvöllum í gær, annan daginn í röð. Unnið var að orðalagi í stjórnarsáttmála, auk þess sem rætt var um skiptingu ráðuneyta.

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, formaður Samfylkingarinnar, sagði í samtali við Fréttablaðið á niunda tímanum í gærkvöldi að viðræðurnar gengju ágætlega.

„Þær eru drjúgar innan-sleikjurnar,“ sagði Ingibjörg,

spurð hvort sanngjarnt væri að segja að viðræðurnar væru á lokametrunum. Alltaf gæti eitthvað komið upp sem tæki tíma að vinna úr.

Geir H. Haarde, formaður Sjálfstæðisflokksins, sagði viðræðurnar um helgina hafa gengið vel. Spurð hvort viðræður um skiptingu ráðuneyta hefðu verið erfiðar sagði hann að ekki væri enn farið að ræða þær svo ítarlega.

Að öðru leyti vildu formennirnir lítið segja um viðræðurnar, annað en að vel gengi að koma stjórnarsáttmálanum á blað.

Þingflokkar Sjálfstæðisflokks og Samfylkingar höfðu ekki verið boðaðir til fundar í gærkvöldi,

eftir því sem næst varð komist. Ingibjörg Sólrún sagði við fréttamenn á Þingvöllum um miðjan dag í gær að þingflokkarnir yrðu ekki kallaðir saman fyrr en stjórnarsáttmáli lægi fyrir.

Á laugardag fundaði tíu manna hópur á Þingvöllum en í gær voru hóparnir smærri. Auk Geirs voru þar frá Sjálfstæðisflokki þau Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir varaformaður og Andri Óttarsson, framkvæmdastjóri flokksins. Auk Ingibjargar voru þar Samfylkingarmennirnir Össur Skarphéðinsson þingflokksformaður, Ágúst Ólafur Ágústsson varaformaður og Skúli Helgason, framkvæmdastjóri flokksins.

- bj / sjá síðu 6

Draumur fátæks bónda: Draugur vísar á fjársjóð í gröf

KAMBÓDÍA, AP Fátækur bóndi í Kambódíu, Pheng Chea, segist heldur betur hafa dóttir í lukkupottinn þegar honum birtist í draumi látið fórnarlamb Rauðu khmeranna, sem ríktu þar harðri hendi á árunum 1975 til 1979.

„Draugurinn sagði mér að gröfin væri nálægt gömlum trjástubbi, svo ég gróf hálfan metra og fann gullið,“ sagði bóndinn, sem tók þátt í uppgrefti á fjöldagröfum frá tíma Rauðu khmeranna þegar hann fann fjársjóðinn.

- gb

Fá sextíu milljóna styrk: Brimið verður að bíómynd

KVIKMYNDIR Vesturport og Zik Zak hafa fengið sextíu milljóna króna styrk frá Kvikmyndamiðstöð Íslands til framleiðslu á kvikmyndinni Brim, sem var upprunalega leikhúsverk eftir Jón Atla Jónasson. Að sögn Rakelar Garðarsdóttur, framkvæmdastjóra Vesturports, hefur lengi staðið til að kvikmynda verkið.

Handrit myndarinnar verður skrifað af leikhópnum Vesturporti, ásamt Óttó Geir Borg og Árna Ólafi Ásgeirssyni sem er jafnframt leikstjóri

Fyrirhugað er að hefja tókur seinna á árinu.

- rh

Faraldur í uppsiglingu: Söngtífur koma eftir sautján ár

BANDARÍKIN, AP Íbúar í Miðvesturríkjum Bandaríkjanna búa sig nú undir faraldur síðar í mánuðinum þegar milljarðar af söngtífum fara á kreik eftir að hafa dvalið neðanjarðar í sautján ár.

Söngtífur eru fljúgandi skorkvikindi á stærð við rækjur en bíta hvorki né stinga og lifa ekki lengi eftir að þær koma upp á yfirborðið. Þær eru hins vegar þekktar fyrir ærandi hljóð sín sem geta verið háværari en garðsláttuvélar.

- gb

Harkaleg átök í Líbanon milli stjórnarhersins og herskárra múslima:

Tugir manna fallnir í Trípólí

LÍBANON, AP Stjórnarherinn í Líbanon barðist í gær við herskára múslima í palestínskum flóttamannabúðum rétt hjá borginni Trípólí, sem er norðan til í landinu. Hátt í fimmtíu manns fórust í þessum átökum, sem eru þau hörðustu sem stjórnarherinn hefur átt hlut að í áratug.

Hinir herskáu múslimar tilheyra samtökum sem nefnast Fatah íslam, og eru þau grunuð um tengsl við Al Kaída. Bæði leiðtogar súnní-múslima í landinu og PLO, samtök Palestínuaíslama í Líbanon, hafa lýst stuðningi sínum við stjórnarherinn í þessum átökum.



FRÉTTABLAÐIÐ/AP

TVEIR HERMENN STJÓRNARHERSINS Hlaupandi á þjóðveginum til flóttamannabúðanna Nahr el-Bared.

Átökin hófust þegar hermenn og lögreglumenn réðust á bæki-stöðvar Fatah íslam í leit að mönnum sem grunaðir eru um aðild að bankaráni nýverið. Þeir

mættu mikilli mótspyrnu og vopnaðar sveitir streymdu út úr flóttamannabúðunum Nahr el-Bared og lögðu undir sig herstöðvar stjórnarhersins, rændu tveimur brynvörðum bifreiðum og sátu fyrir hermönnum.

Stjórnarherinn náði yfirhöndinni undir kvöld en óljóst var hvort herinn myndi ráðast til innngöngu í sjálfar flóttamannabúðirnar, sem njóta ákveðinnar friðhelgi eins og aðrar flóttamannabúðir í Líbanon.

Herinn hefur undanfarið átt fullt í fangi með að hemja vopnaða hóp sem hafa hreiðrað um sig í Líbanon.

- gb



Vatnadansmeyjafélagið Hrafnhildur Kynnir:

Gyðjan við vélinni

19. maí kl 20
Órfa sæti laus
23. maí kl 20
Aukasýning
24. maí kl 20
Aukasýning
25. maí kl.20
Uppselt



www.listahatid.is

Sími: 552-8588

Við þurfum Toyotuna þína því okkar stoppa svo stutt við!

Nú standa yfir uppítökudagar hjá Toyota og
Toyota Betri Notuðum Bílum



ISLENSKA.SIA.IS TOY 37513 06/07

Ert þú með rétta bílinn fyrir okkur?

Vegna góðs gengis vantar okkur tilfinnanlega lífsreyndar Toyotur til sölu hjá Betri Notuðum Bílum.

Gríptu tækifærið, komdu með Toyotuna þína á uppítökudaga Toyota og Toyota Betri Notaðra Bíla. Það er aldrei að vita, þú gætir ekið heim á glæsilegri nýrri Toyotu og verið viss um að hafa skilið þá gömlu eftir í öruggum höndum.

Okkur þykir jú jafn vænt um hana og þér!



TODAY TOMORROW **TOYOTA**

Toyota Kópavogi
Nýbýlavegi 4
Kópavogur
Sími: 570-5070

Toyota Akureyri
Baldursnesi 1
Akureyri
Sími: 460-4300

Toyota Reykjanesbæ
Njarðarbraut 19
Reykjanesbær
Sími: 420-6600

Toyota Selfossi
Fossnesi 14
Selfoss
Sími: 480-8000

Toyota Austurlandi
Miðási 2
Egilsstaðir
Sími: 470-5070

SONUR MINN ER KONUNGBORINN

HANN ER ÞAÐ DÝRMÆTASTA SEM ÉG Á

Við viljum öll skapa fjölskyldu okkar örugga og trausta umgjörð því hún er það dýrmætasta sem við eigum. Til þess þurfa tryggingarnar að vera í lagi. F plús fjölskylduvernd VÍS er vinsælasta og víðtækasta fjölskyldutrygging á Íslandi. Leyfðu okkur að bera ábyrgðina með þér – með F plús.

VÍS – ÞAR SEM TRYGGINGAR SNÚAST UM FÓLK



Allir geta verið hetjur

Á Íslandi eru um 9.000 reglulegir blóðgjafar. Við þurfum fleiri til að geta brugðist við blóðmissi t.d. vegna slysa eða skurðaðgerða. Við skorum á þig að koma og gefa blóð. Taktu með þér vin, vinnufélaga eða ættingja og gerðu heimsókn í Blóðbankann að fastri venju. Vissir þú að Íslendingar þurfa 70 blóðgjafir á dag?

Blóðbankinn hefur flutt í nýtt og glæsilegt húsnæði að Snorrabraut 60. Hægt er að gefa blóð í Blóðbankanum Snorrabraut 60, FSA á Akureyri og í Blóðbankabílnum. Sjá nánar á heimasíðu Blóðbankans www.blodbankinn.is.

Gríptu augnablikið og lifðu núna



KAFA

21.-27. maí,
allar pizzur á

1.090 kr.*

*Ef þú sækir

Fyrstu þúsund pöntunum fylgja bíómiðar eða glaðningur tengdur Fracture

MAGNAÐUR SÁLFRÆÐITRYLLIR

EF ÞÚ RÝNIR
NÓGU DJÚPT
SÉRÐU AÐ ALLIR
Hafa VEIKAN BLETT.

ANTHONY HOPKINS • RYAN GOSLING

FRACTURE

KOMIN Í BÍÓ

HASKÓLABÍÓ

SMÁRA BÍÓ

Borgarbíó



Allt 2 lítra gos á 195 kr.

1,5 lítra Toppur á 100 kr.



58-12345

www.dominos.is

VoltarenDolo®

Diklófenak-k 12,5 mg

Fljótvirkt, bólgueyðandi verkjalyf



Voltaren Dolo® (diklófenak kalíum) 12,5 mg töflur. Notað við vægum verkjum eins og t.d. höfuðverk, tannverk, tíðaverk, verk vegna gigtarsjúðoma, vöðvaverk eða bakverk og hita af völdum influensu eða kvefs. Dragi ekki úr einkennum á nokkrum dögum, skal leita til læknis. Þeir sem eru með eða haft sögu um maga- eða skeifugarnasár eða skerta lífrastarfsemi ættu að ráðfæra sig við lækni áður en lyfið er notað. Þeir sem þola ekki acetylsalísýru, íbuprofen eða önnur bólgueyðandi lyf eða eru með astma eiga ekki að nota Voltaren Dolo®. Notið lyfið ekki á meðgöngu nema í samráði við lækni, en aldrei á síðasta þriðjungi meðgöngu. Leitið ráða læknis eða lyfjafræðings um milliverkanir við önnur lyf. Lesa skal vandlega leiðbeiningar á umbúðum og fylgiseðli. Geymið þar sem börn hvorki ná til né sjá. Markaðsleyfishafi: Novartis Healthcare. Umboð á Íslandi: Artasan, Kirkjulundi 17, 210 Garðabæ.

Fæst án lyfseðils

www.lyfja.is



LYFJA STYÐUR LANDSLIÐ KVENNA Í HANDBOLTA

Nýjung eftir tap í útboði:

Viðeyjarferjan stefnir á Engey

FERÐIR Eysteinn Yngvason í Viðeyjarferðum vill bjóða almenningi ferðir út í Engey. Eysteinn annaðist siglingar út í Viðey frá 1993 til 2007 en varð undir í útboði um siglingar þangað í sumar. Eysteinn segist samhliða því að annast um æðarvarp í Engey hafa farið þangað með hópa í skoðunarferðir. Hefur Eysteinn óskað eftir því við umhverfisráð Reykjavíkur að honum verði áfram falið að sjá um æðarvarpið því það fari mjög vel saman við siglingarnar fyrirhug-



VIÐEYJARFERÐIN Stefnan sett á Engey. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

uðu og þekkingu hans á aðstæðum í eyinni. - gar



SÉÐ YFIR SÓMATÚN Á AKUREYRI Deiliskipulagi hefur verið breytt fyrir þrjú hús í götunni vegna deilna eftir að einn íbúinn reisti hús sem var tvílyft, en ekki einlyft. Þá þegar voru tvö einlyft hús í byggingu. MYND/EGILL JÓNSSON

Saka bæjar-yfirvöld um ósannindi

Íbúar við Sómatún á Akureyri hafa kært tillögu að nýju deiliskipulagi. Skipulagið var endurskoðað eftir að einn íbúi reisti hærra hús en hinir. Fyrirverandi bæjarstjóri segir að farið hafi verið að lögum.

SKIPULAGSMÁL „Það eru átta hús við Sómatún en það níunda er við Ósamatún,“ segir Egill Jónsson, íbúi við Sómatún 8 í Naustahverfi á Akureyri.

Egill hefur, ásamt granna sínum Arinbirni Þórarinssyni í Sómatúni 4, kært tillögu að breyttu deiliskipulagi í götunni. Að auki hafa allir íbúar þar, nema einn, skrifad undir mótmælaskjal vegna þessa.

Deilan snýst um Sómatún 6, en þar reisir lóðareigandi einbýlishús á tveimur hæðum. Egill segir upphaflegt deiliskipulag aðeins hafa gert ráð fyrir einlyftu húsi. Eftir að Egill og Arinbjörn kvörtuðu undan því hafi bæjaryfirvöld breytt deiliskipulaginu þannig að það leyfir nú tveggja hæða hús á þessum þremur lóðum. Þá þegar voru þeir félagar með einlyft hús í byggingu. Þeir saka bæjaryfirvöld um að hafa beitt ósannindum til að hygla þriðja lóðarhafanum.

„Kristján Þór Júlíusson, fyrirverandi bæjarstjóri, var á sex manna fundi með okkur lóðarhöf- unum og þar lagði hann til að ágreiningurinn færi fyrir úrskurðarnefnd og að niðurstaða hennar yrði endanleg. Svo þegar niðurstaðan er honum í óhag, þá kys hann að gleyma þessum orðum sínum. Ég kalla það að menn gangi á bak orða sinna,“ segir Egill.

„Niðurstaða úrskurðarnefndarinnar var alveg ótvíræð. Þarna ætti aðeins að byggja hús á einni hæð. Þá komu saman fjórir menn



KRISTJÁN ÞÓR JÚLÍUSSON

á vegum Akureyrarbæjar: Kristján Þór Júlíusson, þáverandi bæjarstjóri, Hermann Jón Tómasson, verðandi bæjarstjóri, og tveir fulltrúar þeirra í skipulagsnefnd. Þeir bjuggu til bréf

og lögðu fyrir skipulagsnefnd. Í því kemur fram að úrskurðarnefnd hafi fundið meint misræmi í gögnunum,“ segir Egill.

Kristján Þór vísar þessum ávirðingum á bug. Hann segir misræmi sannarlega hafa verið í annars vegar uppdráttum og hins vegar í texta deiliskipulagsins. „Þegar það kom í ljós þótti eðlilegast að hönnuðir hverfisins gerðu tillögu til skipulagsnefndar um hvernig skyldi fara með þennan mismun.“

Kristján segir að bæjarstjórn verði að fara að lögum í málinu en ekki taka afstöðu út frá persónum. „Það má hún bara ekki gera og ég yona að hún detti ekki í þann pytt. Ég hef aldrei tekið afstöðu í bæjarmálum út frá persónum og hyggst ekki fara að taka upp á því núna þegar ég er að enda minn feril í sveitarstjórn.“

klemens@frettabladid.is



FJÁRFESTINGARTÆKIFÆRI Í ÞRÓUNARLÖNDUM RÁÐSTEFNA Á RADISSON SAS HÓTEL SÖGU, FIMMTUDAGINN 24. MAÍ 2007

- 09:00 **SKRÁNING**
- 10:15 **SETNINGARÁVARP** Utanríkisráðherra Íslands
- 10:25 **ERU SAMSTARFSVERKEFNI Í ÞRÓUNARLÖNDUM TÆKIFÆRI EÐA TÁLSÝNIR?**
Stefán Þórarinsson, framkvæmdastjóri Nýsis hf
- 10:45 **SAMSTARF HINS OPINBERA OG EINKAGEIRANS**
Ragna Sara Jónsdóttir, viðskiptafulltrúi utanríkisráðuneytisins
- 11:05 **MENNINGARGILDRUR**
Þorgeir Pálsson, framkvæmdastjóri Thorp ehf
- 11:25 **INVESTMENT FROM ABROAD, NAMIBIAN PERSPECTIVE**
Bernadette Artivor, framkvæmdastjóri fjárfestingarstofu Namibíu
- 12:00 **HÁDEGISVERÐUR**
- 13:00 **WORLD BANK OPERATION, OPPORTUNITIES, JOINT EFFORT**
Kieran Kelleher, Senior Fisheries Specialist
- 13:30 **RÓIÐ Á NÝJUM MIÐUM. FRUMHERJASTARF Í SJÁVARÚTVEGI ÞRÓUNARLANDS**
Sigurður G. Bogason, framkvæmdastjóri MarkMar ehf
- 13:50 **FJÁRFESTINGAR OG LÁNVEITINGAR Í ÞRÓUNARLÖNDUM – AF SJÓNARHÓLI GLITNIS**
Ásmundur Gíslason, sérfræðingur hjá Glitni
- 14:20 **ÞAR SEM SMJÖRIÐ DRÝPUR AF HVERJU STRÁI**
Guðlaugur Þór Pálsson, framkvæmdastjóri Frostmarks ehf
- 14:40 **KAFFIHLÉ**
- 15:00 **STOFNUN OG REKSTUR FYRIRTÆKIS Í ÞRÓUNARLANDI - REYNSLA FRÁ ÚGANDA**
Kristján Erlingsson, framkvæmdastjóri Icemark-Africa Ltd
- 15:20 **ÞRÓUNARBANKI EVRÓPU, SAMSTARFSMÖGULEIKAR OG TÆKIFÆRI**
Baldur Pétursson, aðstoðarframkvæmdastjóri Þróunarbanka Evrópu
- 15:50 **PALLBORÐ: Stjórnandi Helga Jónsdóttir, bæjarstjóri: Þátttakendur úr hópi fyrirlesara**
- 16:20 **SAMANTEKT** Pétur Bjarnason, framkvæmdastjóri Fiskifélags Íslands
- 16:30 **RÁÐSTEFNUSLIT** Sighvatur Björgvinsson, framkvæmdastjóri ÞSSÍ

Ráðstefnustjórn: Fyrir hádegi: Helga Jónsdóttir, bæjarstjóri, eftir hádegi: Júlíus Hafstein, sendiherra.

RÁÐSTEFNAN ER ÖLLUM OPIN

Ráðstefnugjald er 5000 kr. (hádegisverður er innifalinn).
Skráningu ber að tilkynna til Fiskifélags Íslands í síma 551 0500
eða á netfangið fi@fiskifelag.is





Pitt stærsta lán er frelsi!

Íbúðalán SPRON einkennast af frelsi í nútíð og framtíð. Valfrelsið er mikið þegar kemur að samsetningu lánanna og eru þau án þvingandi skilyrða um bankaviðskipti til allt að 40 ára eins og tíðkast annars staðar.

FRELSIÐ ER PITT:

Íbúðalán – allt í íslenskri mynt

- Þú getur valið á milli þess að hafa allt lánið hjá SPRON eða að taka samsett lán hjá Íbúðalánasjóði og SPRON.

Íbúðalán – allt í erlendri mynt

- Þú getur valið á milli myntkörfu SPRON og eigin samsetningar á myntkörfu.

Samsett íbúðalán – erlend og íslensk mynt

- Þú getur valið á milli myntkörfu SPRON og eigin samsetningar á myntkörfu.
- Þú getur valið hvert hlutfallið er á milli íslenskrar og erlendra myntar.

Veldu frelsi

– fáðu ráðgjöf hjá viðskiptastjórum SPRON

75 ára





STÓRFENGLEG NÁTTÚRA Hestakerran virðist dvergaxin þar sem hún er á leið á milli hrikalegra klettaveggja á leið sinni til hinnar fornu borgar Perta í Jórdaníu. NORDICPHOTOS/AFP

Barnadauði er mestur í Afganistan en þar deyja 16,5 prósent nýfæddra barna:

Karlar verða elstir í San Marínó

GENE. AP Karlar ná hæstum aldri í smárikinu San Marínó, þar sem þeir geta búist við að lifa til áttatíu ára aldurs. Japanskar konur lifa kvenna lengst að meðaltali, eða til 86 ára aldurs. Þetta kemur fram í nýrri skýrslu Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar.

Karlar sem eiga stysta ævi, aðeins 37 ár að meðaltali, búa í Síerra Leóne. Konur sem ná stystum aldri búa hins vegar í Svasílandi.

Á eftir körlunum í San Marínó eru næsthæstu lífslíkurnar 79 ár og eiga við um karla á Íslandi, í Ástralíu, Japan, Svíþjóð og Sviss.

Konur í Mónakó skipa annað



SIERRALEÓNSKUR DRENGUR Meirihluti karla í hinu fátæka Afríkuríki Síerra Leóne deyr fyrir fertugt. NORDICPHOTOS/AFP

sætið á sínum lista, geta búist við að ná 85 ára aldri, konur í Andorra, Ástralíu, Frakklandi, Ítalíu, Spáni og Sviss skipa þriðja sætið með 84 ár. Þarnæst eru íslenskar konur sem ásamt konum í Kanada og Sví-

þjóð geta búist við að ná 83 ára aldri. Hæsta tíðni barnadauda er í Afganistan þar sem 16,5 prósent nýfæddra barna deyja. Til viðmiðunar þá er þetta hlutfall 0,2 prósent á Íslandi.

En Síerra Leóne er hættulegra fyrir mæður þar sem tvö prósent mæðra lást af barnsförum. Lægst dánartíðni mæðra við barnsburð er á Írlandi þar sem hlutfallið er 0,00004 prósent.

Skýrsluhöfundar tilgreindu ekki sérstakar ástæður þess að lífslíkur eru mismunandi milli landa en bentu á að mörg ríki þar sem ástandið var slæmt eyddu minna í heilbrigðismál en hin ríkin. - sdg

Umsátursástand í Japan:

Hélt konu í sólarhring

JAPAN. AP Japanskur maður var handtekinn á föstudag eftir að hafa haldið fyrrverandi konu sinni í gíslingu í sólarhring.

Einn lögreglumaður lést þegar gíslatökumaðurinn hóf skothríð. Einnig særðust sonur og dóttir hjónanna fyrrverandi auk lögreglumanns.

Lögregla var með gríðarlegan viðbúnað og yfir tvö hundruð lögreglumenn umkringdu húsið meðan á gíslatökunni stóð.

Stuttu áður en umsátursástandinu lauk tókst konunni að forða sér út um glugga á húsinu. Hún slapp án meiriháttar meiðsla. - sdg

Menningarráð Reykjavíkur:

Leikarar glæði gömul hús lífi

MENNING Guðrún Ásmundsdóttir, áheyrnarfulltrúi Frjálslynda flokksins í



menningar- og ferðamálaráði Reykjavíkur, vill að borgin kosti leikhóp til að túlka sögu gamalla húsa í eigu borgarinnar. Guðrún nefnir sem dæmi Viðeyjarstofu og Gröndalshús þar sem síðast hafi búið ein dætranna úr Húsinu á Eyrarbakka. „Við konugskomuna seint á 20. öld komu þessar fimm dætur niður stigann eftir kvöldverð og sungu þær margraddað,“ lýsir Guðrún í greinargerð. „En ekki þarf það að vera svo nákvæmt í flutningi því óþarfi er að hafa fimm leikara í hlutverki dætranna – þrjár væru nóg.“ - gar

Kaupmannahafnarmaraþon Glitnis var þreytt í fyrsta sinn í gær í blíðskaparveðri:

Hundrað Íslendingar tóku þátt

KAUPMANNAHÖFN Kaupmannahafnarmaraþonið fór fram í blíðskaparveðri um helgina, 27. árið í röð.

Glitnir er aðalstuðningsaðili hlaupsins að þessu sinni en bankinn er einnig bakhjarl Reykjavíkurmaraþonsins sem fer fram í ágúst og Oslóarmaraþonsins sem fer fram í október.

Rúmlega 5.600 hlauparar tóku þátt í maraþoninu í gær og er það met ef marka má upplýsingar á heimasíðu hlaupsins.

Íslenski hlauparinn Jens Viktor Kristjánsson var meðal keppenda í gær. Hann segir um eitt hundrað Íslendinga hafa verið skráðir til leiks. Jens hélt utan ásamt fimmtán manna hlaupahópi úr Reykjavík og segir árangurinn nokkuð undir væntingum, sökum hita.

Julius Mutai, frá Kenía, bar sigur úr býtum í hlaupinu, kom í mark á tímanum 2.23.24.

Að sögn Péturs Óskarssonar, forstöðumanns kynningarmála og fjárfestingatengsla Glitnis, er markmiðið með stuðningi við



PORSTANUM SVALAÐ Á sjötta þúsund manns þreyttu Glitnismaraþon á götum Kaupmannahafnar í gær. Veðrið var gott og stemning meðal hlauparanna. MYND/NYHEDSAVISEN/PALLE RINK

maraþonhlaupin að taka þátt í uppbyggilegu starfi í þeim löndum sem bankinn hefur starfsemi.

Glitnir heiti á hlaupara og ágóðinn renni til góðgerðamála, svo sem krabbameinsfélaga á Íslandi, í Noregi og Danmörku. - rh

FYRIRTÆKJAKORT GLITNIS

PLATÍNUM-KORT

Nýtist stjórnendum fyrirtækja sem þarfnast víðtækrar þjónustu og bestu trygginga.

Glitnir er **fyrst**

íslenskra

fjármálafyrirtækja

að bjóða

Platínium-kreditkort

fyrir fyrirtæki.



NÝJUNG

Glitnir býður fjölbreyttara úrval fyrirtækjakorta en þekktst hefur og fleiri fríðindi standa til boða.

Hægt er að velja milli eftirtalinna fríðinda:



Endurgreiðslu af veltu kortsins, sem er nýr valkostur fyrir fyrirtæki



Ferðaávísunar MasterCard, sem rennur til fyrirtækis eða starfsmanns



Vildarpunkta Icelandair

Pakistönsk hjón handtekin: Tengdasonurinn var kona

LAHORE, AP Pakistönsk lögregla handtók á dögnum hjón sökum kynskiptiáðgerðar eiginmannsins. Faðir brúðarinnar vakti athygli yfirvalda á því að tengdasonurinn væri í raun kona og krafðist ógildingar á hjónabandinu. Ástæða föðurins var að hjónaband tveggja aðila af sama kyni væri ekki islam þóknalegt. Hjónin voru sökuð um að hafa logið um kyn brúðgumans, sem gekk undir kynskiptiáðgerð fyrir sextán árum. Hjónin eru enn í haldi lögreglu á meðan þau bíða eftir að mál þeirra verði flutt fyrir hæstarétti en ráðgert er að það verði á morgun. - rh

Nýsjálendingar eru fyrstir í heiminum með staðal vegna starfsmats:

Tíu vilja fyrstu jafnlaunavottun

NÝJA-SJÁLAND Nýsjálendingar hafa gefið út staðal sem miðar að því að tryggja starfsmönnum „sanngjörn laun og sambærileg tækifæri í starfi óháð kyni“, eins og segir í Staðlamálum Staðlaráðs. Nýsjálendingarnir eru fyrstir í heiminum til að gefa út staðal af þessu tagi.

Í Staðlamálum kemur fram að vinnuveitendur geti fylgt leiðbeiningum skref fyrir skref þegar þeir leggja mat á störf starfsmanna, fá góð ráð í sambandi við skipulagningu og undirbúning starfsmats og leiðbeiningar um úttektir til að meta hvernig hafi tekist til við starfsmatið.



ELÍN BLÖNDAL Segir markmiðið að útrýma kynbundnum launamun.

Elin Blöndal, dósent við Háskólann á Bifröst, þekkir til nýsjálenska staðalsins og segir að hann varði starfsmat. Markmiðið með honum

sé að útrýma launamun kynjanna. „Þetta er ekki það sama og við erum að gera. Við erum að skoða laun og launastefnu,“ segir hún um jafnlaunavottunina sem verið er að móta á vegum Háskólans í Reykjavík, Háskólans á Bifröst og Háskóla Íslands. Íslendingar verða sennilega fyrstir með slíkan staðal.

Yfir tugur fyrirtækja og stofnana hafa skráð sig til þátttöku í mótunarstarfinu hér á landi. Fyrirtækin eru Orkuveita Reykjavíkur, Íslandspóstur, Landsvirkjun, Landsnet, Háskólinn í Reykjavík, Háskóli Íslands, Háskólinn á Bifröst, fjármálaráðuneytið, Deloitte og Brimborg. - ghs

Átak í umhverfismálum: Hekla orðin kolefnisjöfnuð

UMHVERFISMÁL Starfsemi bifreiðumboðsins Heklu verður eftirleiddis kolefnisjöfnuð. Jafnframt mun Hekla greiða fyrir eins árs kolefnisjöfnun allra nýrra Volkswagen-bíla og njóta Heklu-skógar ávinningsins. Samkomulag þessa efnis var undirritað við athöfn í höfuðstöðum Heklu. „Þetta er eðlilegt framhald af þeim áherslum sem framleiðendur Volkswagen hafa lagt á umhverfismál en skógrækt og landgræðsla er einföld og áhrifarík aðferð til að bæta umhverfið og eyða óæskilegum áhrifum gróðurhúsalofttegunda,“ segir Knútur G. Hauksson, forstjóri Heklu. - shá

BANDARÍKIN

Forseti í megrun

Forseti Íraks, Jalal Talabani, dvelur nú í Bandaríkjunum og er tilgangur heim-sóknarinnar að hvíla sig og léttu. Talabani segist við ágæta heilsu en hann sé of feitur.

Skotárás í Bandaríkjunum

Tveir féllu í skotárás í bænum Moskvu í Idaho á laugardag. Byssumaðurinn fannst síðar í kirkju bæjarins. Hann féll fyrir eigin hendi.

UNGVERJALAND

Ráðherra segir af sér

Jozsef Petrety, dómsmálaráðherra Ungverjalands, hefur sagt af sér. Einnig hafa lögreglustjórar landsins og höfuðborgarinnar Búdapest verið reknir. Tilgangurinn er að endurheimta traust almennings til lögreglunnar eftir að fimm lögreglumenn voru sakaðir um nauðgun.

Breskir vísindamenn hafa unnið að því að kortleggja fitu líkamans:

Grannir geta verið feitir að innan

LONDON, AP Innri fita sem umlykur mikilvæg líffæri á borð við hjarta, lifur og bris getur að mati sumra lækna verið jafn hættuleg og sjáanleg fita sem liggur undir húðinni.

„Að vera grannur þýðir ekki sjálfkrafa að vera ekki feitur,“ segir dr. Jimmy Bell, prófessor í sameindafræði við Imperial College í London. Frá árinu 1994 hafa Bell og teymi hans skannað næstum 800 manns með segulsneiðmyndataeki til að búa til eins konar kort yfir fituna í líkamanum. Samkvæmt gögnum þeirra er fólk sem viðheldur þyngd sinni með megrunum í stað æfinga líklegra til að búa yfir innri fitu, jafnvel þó það sé grannt.

Fólk með eðlilegan líkamsmassastuðul, sem er mælikvarði á þyngd miðað við hæð, getur verið með

mikið af innri fitu samkvæmt niðurstöðum Bell. Af þeim konum sem töldust með eðlilegan líkamsmassastuðul voru 45 prósent með mikið magn innri fitu. Meðal karlanna var þetta hlutfall næstum 60 prósent.

Þegar augljós hættumerki vantar, á borð við stækkandi bumbu, óttast lækna að grannt fólk geti ranglega gert ráð fyrir að það sé heilbriggt vegna þess að það er ekki feitt. „Þó að fólk sé grannt er það ekki ónæmt fyrir sykursýki eða öðrum áhættuþáttum hjartasjúkdóma,“ segir dr. Louis Teicholz, yfirmaður hjartasjúkdómadeildar Hackensack-spítalans í New Jersey. - sdg

SJÁANLEG FITA Bell segir sumt grannt fólk sem er feitt að innan á barmi offitu. NORDICPHOTOS/GETTYIMAGES



— Meira úrval og fleiri fríðindi

INNKAUPAKORT

Afar hentugt við kaup á rekstrarvörum og þjónustu.




GULLKORT

Hentugast í viðskiptaferðum og innifelur víðtækar ferðatryggingar.



GLITNIR



MANCHESTER
22.900 kr.*
 eða 19.000 Vildarpunktur
 (50% punktaafsláttur)**

BERLÍN
22.900 kr.*
 eða 21.000 Vildarpunktur
 (50% punktaafsláttur)**

KAUPMANNAHÖFN
22.900 kr.*
 eða 19.000 Vildarpunktur
 (50% punktaafsláttur)**

FRÁBÆRT TILBOÐ TIL ÞRIGGJA BORGA
 –Í PENINGUM EÐA VILDARPUNKTUM

Takmarkað sætaframboð - sölutímabil 21.-25. maí.
 Manchester, Kaupmannahöfn og Berlín - Ferðatímabil 1.-30. júní (síðasta heimkoma).


+ Nánari upplýsingar á www.icelandair.is



WWW.ICELANDAIR.IS

07 | **70ÁR Á FLUGI** | Vildarpunktur | **VISA** | Ferðaávisun gildir

* Innifalið: Flug, flugvallarskattur og eldsneytisgjald; lágmarksdvöl er aðfaranótt sunnudags. ** Innifalið: Flug. Greiða verður sérstaklega flugvallarskatta og eldsneytisgjald, 8.900 kr. til Manchester, 7.460 kr. til Kaupmannahöfnar og 6.740 kr. til Berlinar. Hægt er að bóka í síma 50 50 100 gegn 2.000 kr. þjónustugjaldi.



reddot design award

Gorenje þvottavélar

Fyrir íslensk heimili



1200 snúninga 5 kg:	54.900.-
1200 snúninga 6 kg:	67.900.-
1400 snúninga 6 kg:	72.900.-
1600 snúninga 6 kg:	79.900.-
1600 snúninga 7 kg:	109.900.-

- Mjög hljóðlátar
- Auðveldar í notkun
- Hristivörn
- Flæðivörn
- Íslenskt stjórnborð
- Íslenskar leiðbeiningar
- 5-7 kg hleðsla
- 1200-1600 snúningar
- A í orkunýtni
- A í þvottahæfni

PIPAR • SÍA • 70083

REYKJAVÍK
Rönning
Borgartúni 24
Sími 562 4011

AKUREYRI
Rönning
Óseyri 2
Sími 460 0800

REYÐARFJÖRÐUR
Rönning
Nesbraut 9
Sími 470 2020

REYKJANESBÆR
Rönning
Hafnargötu 52
Sími 420 7200

RÖNNING
www.ronning.is



Salan á Playstation 3

gengur ekki sem skyldi og hefur Sony þegar lækkað áætlanir sínar. Salan virðist þó vera enn lægri en þessar lækkuðu áætlanir. Talið er að Nintendo Wii veiti Sony harða samkeppni. Þetta kemur fram á digg.com.

Command & Conquer 3

Tiberium Wars trónir á toppi sölulista BT bæði hjá Xbox 360 og PC. Spiderman the Movie 3 toppar listann yfir vinsælustu PS2 leikina á meðan Elder Scrolls IV: Oblivion selst best á Playstation 3.

Skóðanakönnun

um flottustu lúðastelpuna stendur nú yfir á vefsíðunni geeksugar.com. Hægt er að velja á milli Lóru Croft úr Tomb Raider, Trinity úr Matrix, Dönu Scully í The X Files og Leiu prinsessu svo fáeinar séu nefndar.



allt




GLÓFAXI HF.
ÁRMÚLA 42 - SÍMI 553 4236

BÍLSKÚRS OG IÐNAÐARHURÐIR

- Hurðir til á lager
- Smíðað eftir máli
- Eldvarnarhurðir
- Öryggishurðir

PÓLYHÚÐUM
Innihurðir, innréttingar, veggklæðningar, húsgögn o.fl., glært, hvítt og allir litir
Matt, glans eða háglans, einnig Textur, Marmari, Flauel og margskonar annað „SPECIAL EFFECTS“
** EINNIG EFNISALA TIL ANNARRA **
Mex - byggingavörur
Lynghálsi 3 Sími 567 1300 & 848 3215
www.byggingavorur.com

STIGAR
og handrið, allar mögulegar gerðir
Sjá t.d. ný teikniforrit og verð á
www.timberman.dk - Tegn trappen



Tölvulistaverkið Bitmap Beauty sækir innblástur sinn í gamla tölvuleiki.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Stafræn fegurð í lifandi flutningi

Tölvulistaverkið *Bitmap Beauty* var upprunalega flutt við lifandi tónlist og er til heiðurs gömlu tölvuleikjunum.

„Ég hef alltaf haft mikinn áhuga á tónlist en fannst hæfileikar mínir helst liggja á sjónræna sviðinu. Þess vegna fór ég að gera tölvulistaverk sem ég flyt við lifandi tónlist hljómsveitarinnar Steed Lord,“ segir Magnús Leifsson, nýútskrifaður grafískur hönnuður frá Listaháskóla Íslands.

Útskriftarverk Magnúsar, *Bitmap Beauty*, sækir innblástur í gamla tölvuleiki og er teiknað í teikniforritinu Illustrator. Síðan notar Magnús hreyfimyndaforritið Aftereffects og flytur grafíkina með hljómborði við lifandi tónlistarflutning.

Verkið er upptaka frá lifandi flutningi og er því ekki klippt eins og hefðbundin myndbönd.

Að sögn Magnúsar eru ekki margir að fást við slíka listsköpun á Íslandi. Erlendis er þó lifandi myndbandsflutningur vel þekktur, hjá hljómsveitum, skífuþeyturum og í leikhúsum.

Markmiðið er að halda áfram að þróa lifandi efni til flutnings. Bæði fyrir Steed Lord og í samvinnu við tónlistarmanninn Danna Delux.

Bitmap Beauty er til sýnis á útskriftarsýningu Listaháskóla Íslands, í kartöflugeymslunni við Ártúnshöfða. Sýningin stendur til 27. maí og er opin frá klukkan 12.00-18.00 alla daga. Verkið fæst einnig á DVD-mynddiski í versluninni Nakta apanum, Bankastræti. Nánari upplýsingar um verk Magnúsar er að finna á: www.maggi.noem.com *rh@rettabladid.is*

Fullkomnasti farsími í heimi



Nokia N95

- 5 megapixla myndavél
- mp3 spilar
- 3 Kynslóð
- WLAN
- GPS

100 frjár stafrænar framkallanir frá Hans Petersen fylgja

Farsimalagerinn.is

ÞÚ GRÆDIR EKKERT Á AÐ VERSLA ANNARSSTAÐAR

Þannig er mál með vexti ...



... að það er hægt að létta greiðslubyrðina.

VEXTIR FRÁ AÐEINS **3,4%**

Miðað við myntkörfu 4, Libor-vextir 23.4.2007.

Reiknaðu út hvernig greiðslubyrði þín lækkar á www.frjalsi.is eða hafðu samband í síma 540 5000.

SAMANBURÐUR Á LÁNUM

	MYNTKÖRFULÁN ***	BLANDAÐ LÁN **	ÍBÚÐARLÁN
LÁNSUPPHÆÐ	20.000.000	20.000.000	20.000.000
VEXTIR	4,0% *	4,4% *	5,0%
GREIÐSLUBYRÐI****	66.500	100.800	96.600

* M.v. 1. mánaða Libor vexti 23.04.2007. ** 50% íbúðarlán/50% erlent lán í CHF og JPY.

*** Vextir á erlendra myntkörfu ráðast af veðsetningu og myntsamsetningu og eru á bilinu 3,4% til 4,5% m.v. myntkörfu 4.

**** Mánaðarlegar afborganir fyrsta árið, lánstími 40 ár, einungis greiddir vextir af myntkörfulánu fyrstu þrjú árin, án verðbóta eða gengisbreytinga.





Músin virkar ekki vel þegar hún er klístruð og skitug. Þess vegna er ágætisráð að þrifa hana reglulega eins og lykilorðið.

Þýskar álkerrur fyrir fjölskylduna, verktakann, sveitarfélagið. Vandaðar kerrur frá einum stærsta framleiðanda Evrópu. Kerrur sem slegið hafa í gegn síðustu ár. Sumarsendingin nýkomin. Leitid upplýsinga og skoðið hið mikla úrval. Margar stærðir og gerðir.

N1 Langatanga 1a - Mosfellsbæ - Sími: 566 8188
Fjarðanet hf. - Grænigarður - Isafjörður - S.470 0836

Frábær sumartilboð!

22" WideScreen verðlaunaskjúr frá Acer
26.900

Þráðlaust 54 Mbps netkort einnig með MIMO tækni til að auka langdrægni
1.990

EVGA 7600GT Óflaugt PCI-Express skjakort stívalið fyrir leiki og grafík
11.600

computer.is
www.computer.is
Skiptiholti 50c - Sími 551 6700

Einkamál

Smáauglýsing óskar eftir að komast í samband við góðan auglýsanda. Fyllsta trúnaði heitið. Áhugasamir hafið samband í sími 550 5000.

FRÉTTABLAÐIÐ
- smáauglýsingar sem allir sjá

Sigma linsur fyrir flestar gerðir myndavéla

FOLO VAL Myndavéla-viðgerðir Skipholti 50B Sími 553 9200
www.fotoval.is • mail:fotoval@fotoval.is



Nýi James Webb-sjónaukinn er mun stærri en Hubble gamli. Myndin er af líkani Webb í raunstærð. NORDICPHOTO/GETTY IMAGES

James Webb leysir Hubble af hólmi

Speglar James Webb-stjörnu-sjónaukans eru þrisvar sinnum stærri en Hubble.

Hubble-sjónaukinn hefur þjónað mannkyninu vel. Eftir að honum var skotið á sporbaug 1990 hafa myndir hans gert stjarnfræðingum



Hubble hefur þjónað vel en innan fárra ára mun hann leggjast í helgan stein.

kleift að auka skilning okkar á umheiminum margfalt.

James Webb-sjónaukinn var kynntur í síðustu viku og hefur NASA byggt líkan af honum í raunstærð. Speglar James Webb eru þrisvar sinnum stærri en speglar Hubble og því verður hægt að skyggast mun lengra og um leið mun aftur í tímann en nú.

Nýi sjónaukinn er nefndur eftir James Webb sem var annar formaður NASA. Hann átti stóran þátt í að tryggja NASA áframhaldandi stuðningi stjórnsvalda á sjöunda áratug síðustu aldar. Án hans hefðu Bandaríkjamenn að öllum líkindum hætt við tungllendingu sína.

James Webb-sjónaukinn er ekki á leið út í geim alveg á næstunni en áætlað er að skjóta honum á loft 2013 í fyrsta lagi.

Tæknivædd regnhlíf

Regnhlíf með myndavél, GPS-tæki og internet-tengi.

Fyrst voru það farsímarnir með innbyggðum myndavélum, hljómgræjum og öðrum aukabúnaði. Nú er röðin komin að regnhlífum.

Pilus Internet Umbrella er nýjung á markaðinum, regnhlíf með veftóli til að deila myndum og þrívíðri kortsjá, sem tengist Google Earth.

Regnhlífin varð til upp úr rannsóknarverkefni nemenda við háskólann í Keio, en þeir eru nú að þróa verkefnið fyrir almennan markað.

Er fram líða stundir kemur regnhlífin þannig til með að vera útbúinn hreyfiskynjara, GPS-



Regnhlífin verður meðal annars útbúin GPS-tæki, stafrænum áttavita og internet-tengi.

tæki, stafrænum áttavita, stórum myndskjá efst í skygginu og internet-tengi.

Regnhlífin á því vafalaust eftir að koma að góðum notum hjá þeim sem tynast í dembu.

Nánari upplýsingar á www.pil-eus.net.



Skjár sem tengist Google Earth er efst í skygginu.

Mjór ránfiskur

NOKIA HEFUR SETT SÍMANN BARRACUDA Á MARKAÐINN.

Finnska símafyrirtækið Nokia hefur svipt hulunni af hinum nýja og nærfurðunna Barracuda-farsíma sem einnig er með ódýrara móti, kostar undir 100 evrur í Evrópu. Barracuda-farsíminn, sem einnig heitir Nokia 2630, er aðeins minni en sentimetrir að breidd, útbúinn myndavél og „Bluetooth“-tækni.

Fyrirtækið, sem selur meira en þriðjung allra farsíma í heiminum, býst við að stækka enn frekar á þessu ári, eða allt að tíu prósent, og framleiða þannig 978 milljónir síma í ár.



Burj al-Taqa turninn verður sjálfum sér nægur varðandi orku.

Orkuturninn

BURJ AL-TAQA TURNINN Í DUBAI MUN ALGJÖRLEGA GANGA FYRIR ENDURNYTTANLEGGRI ORKU SEM HANN FRAMLEIÐIR SJÁLFUR.

Þjóðverjinn Eckhard Gerber á heiðurinn að orkuturninum Burj al-Taqa sem rísa mun á næstu árum í Dubai. Turninn verður ekki bara skrifstofubýgging heldur líka virkjun á vind- og sólarorku.

Efst á turninum verður rúmlega 60 metra há spirall sem fangar vindorku. Á þaki turnsins og víðs vegar á ytra borði hans verða sólarorkuspeglar sem samanlagt þekja um 15.000 fermetra og búa til rafmagn.

Ytra borð turnsins verður úr sérstöku gleri sem hrindir frá sér hita sólar og minnkar þörf á loftkælingu. Engin vanþörf á því þar sem algengt er að hitinn nái 50 stigum í Dubai.

Allt þetta á að gera turninn sjálfum sér nægan um orku. Skemmtilegar fréttir frá landi sem byggir auð sinn á olíu.

FRÉTTABLAÐIÐ

AUGLÝSINGASÍMI
550 5000

Tjáðu þig!

**Bloggaðu með
símanum!**
Hvar sem er og
hvenær sem er!



Viltu sei'eikkað?

Ný útlit · Myndaalbúm · Síma blogg



BlogCentral.is
Stæsta bloggsamfélagið á Íslandi

Hringdu í **550 5600** ef blaðið berst ekki

FRÉTTABLAÐIÐ

- mest lesið

fasteignir

Mest lesna fasteignablað landsins

21. MAÍ 2007



Eign sem er engri lík á sjávarlóð er til sölu hjá Remax Center.

Ævintýralegt hús við sjóinn

Einstakt timburhús á Vatnsleysuströnd þar sem gert er ráð fyrir heitum potti í turni er til sölu hjá Remax Center.

Að utan líkist húsið ævintýralegum kastala en það er hannað af núverandi eiganda. Húsið er heilsárshús á tveimur hæðum sem stendur á sjávarlóð þar sem útsýni er einstakt. Aftan við húsið sést til Keilis en til Snæfellsjökuls að framanverðu. Húsið er smíðað úr fyrsta flokks timbri frá Lettlandi og gluggar eru frá Kanada. Komið er inn á neðri hæð í forstofu. Þar er gert ráð fyrir stofu,

borðstofu, eldhúsi, skála, búi, þvottahúsi og geymslu. Á efri hæð er gert ráð fyrir tveimur svefnherbergjum, fataherbergi, skála, vinnustofu og baðherbergi. Aðalhurð, svalahurð og þvottahús eru úr mahóní.

Húsið er timburhús á steinsteyptri plötu. Eigninni fylgir 1.500 fermetra ræktuð eignarlóð.

Gert er ráð fyrir hita í gólfi á neðri hæð en ofnar eru á þeirri efri. Enn fremur er gert ráð fyrir heitum potti í öðrum turninum og arni í stofu á neðri hæð.

Eignin skilast fullfrágengin að utan og foheld að innan.

Hvað er
að fréttu?



Fréttastofa beintengd
við tölvuna þína

www.visir.is

visir
Fyrstur með fréttirnar!



ÖLL GÖMLU GÓÐU LÖGIN ÞÍN Á GULL BYLGJUNNI

Gull Bylgjan er á Suðvestur horninu á tíðninni 90,9,
á bylgjan.is og Digital Íslandi.

GULL
BYLGJAN
909

- ÞESSI GÖMLU GÓÐU!



Hafnargötu 20 • 230 Keflavík
Sími 421 1700 • es.is

Eignamiðlun Suðurnesja
Sigurður V. Ragnarsson, löggiltur fasteignasali

Lækjamót 85, Sandgerði



Til sölu nýtt glæsilegt 168,8 ferm Parhús við Lækjamót 85, 245 Sandgerði. Til afhendingar nú þegar. Tilbúið undir tréverk hiti í stéttum, lagnir fyrir heitum potti. Verð 23,900,000. Verktaki er einnig með í smíðum sambærileg hús við Breiðhól Sandgerð sem hægt er að fá foheld.

Allar nánar upplýsingar á skrifstofu.



Víkurbraut 46 • 240 Grindavík
Sími 426 7711 • es.is

Eignamiðlun Suðurnesja
Sigurður V. Ragnarsson, löggiltur fasteignasali

Stórglæsileg eign í Grindavík



Verð: 25.800.000,-



Valgeir Kristinsson, hrl., lögg. faseignasali
Síðumúla 35 • 108 Reykjavík • Sími 517 3500 • www.fyrirtækjasala.is

GLÆSILEG NUDD OG GRENNINGARSTOFA Til sölu glæsilegt heilsustúdíó með góðan tækjakost. Þekkt stofa í rúmgóðu húsnæði. Staðsetning mjög miðsvæðis. **Góður tími framundan. Frábært tækifæri.**

VINSÆLL SKYNDIBITASTAÐUR í hverfi 108 Til sölu þekktur skyndibitastaður í austurborginni með fina afkomu. Bullandi traffic. Hér er á ferð frábært tækifæri. **Leitið upplýsinga.**

BÆKUR OG RITFÖNG - ÓDÝRT Til sölu þekkt og rótgróin verslun í verslunarmiðstöð. **Frábært tækifæri og verð ef samið er strax.**

HÁRSTOFA Til sölu í góðu hverfi, 5 vinnustöðvar og 2 vaskstólar og góður búnaður. **Verð 3,1 millj.**

INNRÖMMUN Til sölu innrömmunarstofa á frábærum stað í góðu húsnæði í austurbæ. Tilvalið fyrir tvo samhenta einstaklinga. **Góður tækjakostur Verð 7,5 millj.**

HÁRGREIÐSLUSTOFA TIL SÖLU Mjög þekkt og vel staðsett stofa með 2 þvottastöðvar og 6 vinnustöðvar. **Hefur starfað á sama stað sl. 10 ár. Gott verð.**

PÚSTÞJÓNUSTA og BÍLAVERKSTÆÐI Þekkt og gróíð fyrirtæki í topp húsnæði 320 fm. **Besti tíminn framundan.**

GÆLUDÝRAVERSLUN til sölu af sérstökum ástæðum, þekkt verslun með miðsvæðis með vinsæla vörur. **Gæluðýraunendur, hér er gott tækifæri á ferðinni. Gott verð.**

BÓNSTÖÐVAR til sölu með mikið af föstum viðskiptasamböndum.

SÖLUTURN Í HVERFI 108 Söluturn með opnun frá kl. 8,30 - 18.00 og lokað um helgar. **Vaxandi góð velta. Verð aðeins 2,8 millj.**

Endilega leitið nánari upplýsinga.



www.byggd.is
TRAUST FASTEIGNASALA!
STRANDGATA 29 ■ AKUREYRI ■ SÍMI: 464 9955



Hofsárkot, Svarfaðardal

Til sölu 3,5 ha land ásamt einbýlishúsi og útihúsum. Einbýlishús 216 fm. byggt 1974. Útihús og vélageymsla samtals 397 fm. Tilboð óskast.

SÍMI: 464 9955 ■ FAX: 464 9901 ■ STRANDGATA 29 ■ OPID MÁN. - FÖS. KL 9 - 12 & 13 - 17



Að geta tekið myndir úr mikilli hæð hefur sína kosti.

Markmiðið að verða leiðandi á sínu sviði

Fyrirtækin Kubbur og Nmedia hafa runnið saman. Nýja fyrirtækið kallast Inhouse og býður heildarlausnir fyrir fasteignamarkaðinn.

Samkeppnin á fasteignamarkaðnum er hörð og keppast fasteignasalar við að koma sér og sínum eignum á framfæri. Þá er oftar en ekki leitað til fasteignaljósmyndara og tölvugrafíkera til að gera eignunum sem best skil í dagblöðum og á netinu. Nú hefur nýtt fyrirtæki verið stofnað sem sérhæfir sig í eins konar heildarlausnum fyrir fasteignamarkaðinn á þessu sviði.

Þetta er fyrirtækið Inhouse, en það varð til við samruna Kubbs margmiðlunar og Nmedia. „Kubbur margmiðlun var stofnað árið 2001 og höfum við sérhæft okkur í hönnunar- og ljósmyndarþjónustu fyrir fasteignamarkaðinn. Árið 2005 bættist svo þrívíddarvinnsla við en við höfum síðan verið að

leita eftir leiðum til að bæta þjónustuna bæði hvað varðar ljósmyndun og þrívíddarvinnslu,“ segir Hörður Ellert Ólafsson, einn eigenda Inhouse.

Nmedia er hinsvegar yngri fyrirtæki en það var stofnað árið 2004. „Við hjá Kubbi sáum strax að þar var á ferð mannskapur með nýstárlegar lausnir og fyrirtækið skilaði flottum verkefnum,“ segir Hörður. „Það gildir hins vegar í þessum bransa eins og öðrum að viðskiptavinurinn vill leita á einn stað eftir allri þjónustu og því ákváðu fyrirtækin að hagstætt væri að renna saman.“

Hörður segir að með komu nýja fyrirtækisins komi ýmsar nýjar lausnir. „Við munum til dæmis bjóða upp á að mynda í allt að 15 metra hæð, en þá sést útsýni og umhverfi mun betur, ástand þaksins sést, trjákrónur skyggja ekki á fasteignina og hægt er að ná góðri yfirlitsmynd,“ segir Hörður. „Í þrívíddardeildinni erum við að byrja með rauntíma þrívíddarlíkon af



Þrívíddarlíkonin eru gríðarlega raunveruleg.

húsum sem hægt er að nálgast á netinu. Þetta eru líkön þar sem notandi getur gengið um íbúðina, opnað og lokað dyrum, og skoðað hvern krók og kima gegnum tölvuna heima.“

Hörður segir að markmið nýja fyrirtækisins sé einfalt. „Við viljum vera leiðandi á okkar sviði. Við erum stöðugt að endurbæta verkferla hjá okkur, skoðum hvar við getum gert betur og sparað tíma, jafnframt því að við gerum miklar kröfur til sjálfra okkar varðandi gæði þess efnis sem við látum frá okkur fara,“ segir Hörður.

tryggvi@frettabladid.is



FASTEIGNIR & FYRIRTÆKI

MIDSTÖÐ ATVINNUHÚSNÆÐIS

Björgvin Ó. Óskarsson
Löggiltur leigumiðlari
og eignaskiptalýsandi
Óskar Mikaelsson,
ráðgjafi, atvinnuhúsnæði
og fyrirtæki
Valgeir Kristinnsson,
Hrl., Lögg. faseignasali

Síðumúla 35 • 108 Reykjavík • Sími 517 3500 • www.atv.is • atv@atv.is

Dvergshöfði, Rvk, 240 fm.



Til sölu vel staðsett þjónustrými við Dvergshöfða um 240 fm að stærð. Eignin skiptist í 3x 80 fm einingar og þar af er ein í útleigu. Einn sameiginlegur inngangur og einn sérinngangur. Gluggar eru stórir og rýmið bjart. Rýmið hentar sérlega vel hvers kyns þjónustu- og verslunarstarfsemi.

Lónsbraut, Hfj, 200 fm.



Til leigu mjög gott innkeyrslubíll í nýlegu húsi við höfnina í Hafnarfirði. Rýmið er 200 fm endabil með um 5,5 mtr. lofthæð og 2x innkeyrsluhurðum sem eru 4,5x4,5 mtr á stærð hvor um sig. Góð lýsing, 3ja fasa rafmagn, kaffistofa, wc, skrifstofa á milligólf. Laust nú þegar.

Miklabraut - Frábært tækifæri.



Til sölu sérlega vel staðsett verslunar- og þjónustueiningar á einu fjölfarnasta og mest áberandi horni höfuðborgarinnar. Hægt er að kaupa eignirnar stakar eða sem ein heild. Kærkomin fjárfesting. Eignirnar eru á verslunarhæð auk rýmis í kjallara húsnæðis og skiptast þannig: 28,5 fm og 52,3 fm rými á verslunarhæð auk 73,5 fm rými í kjallara eða samtals 125,8 fm, jafnframt er 49 fm viðbygging auk 42,3 fm rými í kjallara, einnig er sjálfstæð bygging 36 fm. Samanlagt eru eignirnar á verslunarhæð 165,7 fm og í kjallara 115,8 fm.

Súðarvogur 240 fm.



Við Höfnina 79 fm + 248 fm.



Til sölu á glæsilegum stað við Hafnargötu á Stokkseyri tvær eignir. Um er að ræða vinnustofu 79,3 fm að grunnfleti auk óskráð milli-gólfs undir kaffiástöðu með glæsilegu útsýni yfir höfnina. Búið er að yfirfara t.d. rafmagnslagnir og gler. Svo er um að ræða viðbyggingu sem er 248,5 fm að grunnfleti sem hýsir listagallerý sem er mikið sótt af ferðamönnum. Mjög góð lofthæð, stórir gluggar sem gera eignina bjarta og skemmtilega.

Skrifstofa-/vinnustofa miðsvæðis, 70 fm.



Til leigu við Kleppsmýrarveg um 70 fm rými á 2. hæð í bakhúsi. Stutt í helstu stofnbrautir. Rýmið hentar sérlega vel sem vinnustofa eða stúdíó. Hagstæð leiga. Laust nú þegar.

Tunguháls, Rvk, 1070 fm stækkanlegt í 2770 fm.



Í einkasölu samtals 1070 fm iðnaðarhúsnæði í eftirsóttasta iðnaðarhverfi Reykjavíkur. Með fylgir samþykktur byggingarréttur eignarhlutans fyrir samtals 1700 fm á tveimur hæðum. Samtals yrði þá um að ræða 2770 fm heildarstærð þar sem grunnflötur húsnæðis yrði um 1560 fm og um 900 fm á 2. hæð. Góðar stórar innkeyrsluhurðir. Fallega innréttaðar skrifstofur, kaffistofa og eldhús um 210 fm. EINSTAKT TÆKIFÆRI. Möguleiki að hefja framkvæmdir fljótlega. Teikningar og nánari upplýsingar á skrifstofu okkar.

Súðarvogur, 241 fm iðnaðarhúsnæði



Flugumýri, 968 fm iðnaðarhúsnæði m/brúarkrana.



Til sölu mjög gott 968 fm iðnaðarhúsnæði með brúarkrana á bitum auk tæpl. 200 fm byggingarréttar (samþykkt viðbygging). Allt að 9 mtr. mænishæð, þakbirta og reyklosun í mæni. Hlaupaköttur/brúarkrani gengur eftir öllu húsinu gafla á milli og fylgir með í kaupum. Það eru 4 innkeyrsluhurðir, þar af 1 sem er 5x5 mtr. Hentar vel flestri iðnaðarstarfsemi.



ELÍAS HARALDSSON
SÖLUSTJÓRI



REYNIR BJÖRNSSON
LÖGGILTUR FASTEIGNASALI



INGA DÓRA KRISTJÁNSD.
SÖLUFULLTRÚI



BRYNDÍS KNÚTSDÓTTIR
LÖGGILTUR FASTEIGNASALI



SÓLVEIG REGÍNA BIARD
RITARI




BORGARTÚNI 29 - 105 REYKJAVÍK
SÍMI: 510-3800 - FAX: 510-3801
WWW.HUSAVIK.NET

HÚSAVÍK FASTEIGNASALA HEFUR FLUTT STARFSEMI SÍNA Í NÝTT OG GLÆSILEGT HÚSNÆÐI Í BORGARTÚNI 29




HÚSAVÍK FASTEIGNASALA - ÞAR SEM GOTT ORÐSPOR SKIPTIR MÁLI

66,8%




Aldurshópurinn 18-49. Könnun Capacent mars 2007

35,3%



34,7%



Þjóðin veit hvað hún vill

Fréttablaðið eykur forskotið

Auglýsendur athugið. Nýjasta lestrarkönnun Capacent sýnir að **bilið milli Fréttablaðsins og annarra dagblaða eykst svo um munar.** Við erum bæði þakklát og stolt og bendum auglýsendum á að notfæra sér þessa vitneskju þegar þeir ákveða hvar auglýsingu þeirra er best borgið.

FRÉTTABLAÐIÐ

- Mest lesið

FALIN ÁSÝND

FRUMSÝND 16. MAÍ

SÝND Í REGNBOGANUM

NAOMI WATTS

EDWARD NORTON

THE PAINTED VEIL



★★★★

„Kvikmynd sem snertir mann djúpt.“

-Steven Rea, Philadelphia Inquirer.

★★★★

„Langbesta rómantíska stórmynd ársins.“

-Mick LaSalle, San Francisco Chronicle.

★★★★

„Með stórkostlegum leik tókst Norton og Watts að túlka þvílíka meinfýsni, að ég átti bágð með að horfa.“

-Marrit Ingman, Austin Chronicle

★★★★

„Leikstjórinn Curran, ásamt leikurum og handritshöfundinum hafa gert gamaldags, hástemmda og ljóðræna frásögn í anda gömlu myndanna, að hreint út sagt magnaðri mynd.“

-Stephanie Zacharek, Salon.com

✂ KLIPPIÐ HÉR!

Gullnu reglur Græna ljóssins

1 **Ekkert hlé**
Myndin sýnd í einum rykk

2 **Minna af auglýsingum**
Sýning myndarinnar byrjar fyrir

3 **Engin truflun**
Miðasólu lýkur þegar sýning myndar hefst

FRÉTTABLAÐIÐ

Lesendur Fréttablaðsins fá 2 fyrir 1 allar frumsýningarhelgar.

Framvísaðu þessari úrklippu í miðasöluinni til að fá tilboðið. Tilboðið gildir föstudag, laugardag og sunnudag á allar sýningar.

græna
ljósið

-Ekkert hlé á góðum myndum

Developed with



Shell

V-Power



Þróað með Ferrari

Upplifðu ánægjuna sem fylgir eldsneyti sem þróað er í samstarfi við Ferrari.



Made to move



„Samt máttu gera þér ljóst, alls engin sílikonbrjóst“

- Deluxe, Nýdönsk, Höf: Björn Jörundur Friðbjörnsson



Nýr vefur » Á hvað ert þú að hlusta?

 Tónlist.is

STUÐ MILLI STRÍÐA „Mamma og pabbi hlakka svo til að eignast mig“

ÞÓRGUNNUR ODDSDÓTTIR FÍLAR EKKI FÓSTUR SEM BLOGGA



Í dag telst það til sjálf-sagðra mannréttinda ungbarna að eiga heimasíðu. Að stofna Barnalandssíðu fyrir afkvæmið er orðið jafn sjálfsgöður hlutur og að baða barnið eða gefa því að borða. Ég hef svo sem ekkert á móti þessum síðum og viðurkenni að þær eru þrælsniðugar. Hins vegar er eitt sem fer í taugarnar á mér. Það er sú tilhneiging foreldranna að skrifa allar færslur þannig að það sé barnið sem segir frá. Á langflestum síðum skrifa ómálga barnið í fyrstu persónu: „Ég er ekki alveg nógu duglegur að taka brjostið en mamma vonar að það komi bráðum.“

Einu sinni heyrði ég sprenglærðan bókmenntafræðing halda því fram að það að skrifa texta á veraldarvefinn í 1. persónu frá sjónarhóli barnanna sinna væri brot á persónufrelsi barnsins. Börn eru jú manneskjur þótt þau séu ekki fær um að tjá sig í skrifuðu máli. Varla myndi maður setja upp heimasíðu og skrifa þar texta í nafni kalkaðs afa síns eða alheimersjúkrar langömmu sem gæti ekki tjáð sig. „Í dag komu barnabarnabörnin að heimsækja mig. Ég er orðin svo gömul og rugluð að ég þekki þau ekki lengur í sundur.“

Íslendingar eiga ábyggilega heimsmet í fjölda bloggandi ungbarna og upp á síðkastið hafa börn í móðurkviði bæst í hópinn. Ég

fæ hálfgerðan hroll þegar ég les færslur þar sem fóstrið skrifar í fyrstu persónu: „Núna er ég orðinn 12 cm á lengd. Mamma fór í sónar í dag og lét taka mynd af mér. Hún hlakkar voða mikið til að eignast mig.“

Lífið afmarkast af fæðingu og dauða. Fyrst fólki finnst ósköp eðlilegt að blogga í nafni ófæddra barna sinna er eflaust ekki langt að biða þess að menn fari að blogga í nafni látinna ástvina. Kannski verður það næsta bylgjan. „Heyrðu, hann Sigurður gamli lést víst á dögnum. Já, og hann er kominn með þessa finu blogg síðu þar sem sonur hans skrifar fyrir hann. Færslan um himnaförina var alveg óborganleg.“

myndasögur

■ Pondus

Eftir Frode Øverli



■ Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman



■ Handan við hornið

Eftir Tony Lopes



■ Kjölturakkar

Eftir Patrick McDonnell



■ Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman






Af hverju að borga of háa vexti?

Hefur þú hugleitt hversu mikið þú sparar með því að vera með yfirdráttinn hjá S24?

Borgaðu lægri vexti og gerðu eitthvað skemmtilegt fyrir mismuninn!



Terfel syngur írsk og bresk þjóðlög

Hinn velski Bryn Terfel, sem almennt er talinn vera í hópi fremstu bassabaráttisöngvara samtímans, mun halda tónleika í Háskólabíói í kvöld þar sem hann kemur fram ásamt píanóleikaranum Malcolm Martineau, helsta samstarfsmanni sínum til margra ára. Tónleikarnir eru hluti af dagskrá Listahátíðar í Reykjavík en þeir hefjast kl. 20 í kvöld.

Nafn Terfels er alþekkt innan klassíska tónlistarheimsins, en söngvarinn hefur hlotið fjölda verðlauna á ferli sínum sem söngvari. Segja má að hann hafi spóttíð fram á sjónarsviðið árið 1990 þegar hann þreytti frumraun sína á óperusviðinu sem Guglielmo

í óperunni Cosi fan tutte eftir Mozart hjá velsku þjóðaróperunni, en Terfel er fæddur og uppalinn í Wales. Eftir að hafa spreytt sig í titilllutverki Brúðkaups Fígarós í fyrsta sinn varð ekki aftur snúið; nýr gullbarki hafði verið fundinn og segja má að ferill Terfels síðan þá sé ein samfelld sigurför.

Terfel hefur hlotið lofsamlega dóma tónlistargagnrýnenda víða um heim fyrir hlutverk sín í hinum fjölbreyttustu verkum og óperum. Hann hefur hlotið sérstakt lof fyrir túlkun sína á kröfuhörðustu hlutverkum óperubókmenntanna, til dæmis Falstaff í samnefndri óperu Verdis, sem hann söng í fyrsta sinn í Chicago árið 1999.

Einnig hefur Terfel slegið í gegn víða um heim í hlutverkum Leporello og Don Giovanni í samnefndri óperu Mozarts.

Terfel hefur unnið til fjölda verðlauna á ferli sínum, m.a. var hann valinn „Ungsöngvari ársins“ af tímaritinu Gramophone og árið 1994 fékk hann Gramophone-verðlaun fyrir besta einsöngsdiskinn fyrir disk sinn „An die Musik“. Ári síðar hlaut hann Grammy-verðlaunin fyrir diskinn The Vagabond og svo mætti lengi áfram telja.

Terfel er fæddur í Pantglas í Norður-Wales þar sem hann hóf söngnám. Hann fluttist til Lundúna árið 1984 þar sem hann lærði við Guildhall-tónlistarskólann,

þaðan sem hann útskrifaðist með láði fimm árum síðar, þá 24 ára gamall.

Samstarf Terfels og píanóleikarans Martineau hefur verið langt og farsælt en þeir koma fram saman í Háskólabíói með efnisskrá sem samanstendur meðal annars af enskum sönglögum og þjóðlögum frá Írlandi og Bretlandseyjum. Eins og áður segir hefjast tónleikarnir kl. 20 í kvöld.

BRYN TERFEL Er af mörgum talinn einn besti bassabaráttisöngvari heims. Hann heldur tónleika í Háskólabíói í kvöld.



NÝJAR BÆKUR

Bókaútgáfan Hólar hefur gefið út bókina Sakamálaþrautir - glæpsamleg heilabrot, eftir Helga Má Barðason. Í bókinni er að finna sautján sakamálaþrautir sem lesendur spreyta sig á og eru þrautirnar misþungar, en allar þó bráðskemmtilegar.



Ný ljóðabók er komin út frá JPV-útgáfu, Á mörkum, eftir Valgarð Egilsson. Í henni eru 31 ljóð. Valgarður Egilsson lækni er fæddur á Grenivík við Eyjafjörð árið 1940. Hann hefur lengi iðkað skáldskap og gefið út ljóð, leikrit og skáldsögu. Ljóðin í þessari bók bera merki æviferils höfundar sem ólst upp í nánu samneyti við náttúruna en lagði síðar fyrir sig rannsóknir á frumeigindum lífvera – á mörkum.



ATVINNULEIKHÚS Í BORGARNESI

MR. SKALLAGRIMSSON - höf. og leikari Benedikt Erlingsson
mi 16/5 aukasýning kl 16 laus sæti, kl 20 uppselt, fö 25/5 kl. 20 laus sæti, fö. 1/6 uppselt, lau. 2/6 uppselt, lau 9/6. kl. 15 uppselt, lau 9/6 kl. 20 Örfá sæti, fö 15/6 kl. 20, mi 20/6 kl 20, fö 29/6 kl. 20

MÝRAMAÐURINN - höf. og leikari Gísli Einarsson
Fö 18/5 örfá sæti, fi. 7/6, fö 8/6 örfá sæti, fi 14/6, - síðasta sýning

SVONA ERU MENN - höf. og flytjendur KK og Einar Káráson
su 20/5 kl. 20, lau 26/5, su 3/6 kl. 20, su 10/6 kl. 20, lau 16/6 kl. 20, fö 22/6 kl. 20, lau 23/6 kl. 20 síðasta sýning

Leikhústilboð í mat:
Súpa, fiskréttur og kaffi kr. 2600
Súpa, kjötréttur og kaffi kr. 3200
Miða- og borðapantanir í síma 437 1600
Nánari upplýsingar www.landnamssetur.is



Stórmarkaður í stofunni heima

PÖNTUNARSÍMI 550 5000
EÐA Á VISIR.IS

FRÉTTABLAÐIÐ



FLUGFÉLAG ÍSLANDS

→ flugfelag.is

Njóttu dagsins - taktu flugið



Aðeins fimm skref á Netinu og þú ferð á loft

Það getur ekki verið auðveldara. Þú bókar flugið á flugfelag.is þar sem þú finnur ódýrustu fargjöldin og að auki frábær tilboð.

Njóttu dagsins, taktu flugið og smeltu þér á flugfelag.is

Michael Moore á allra vörum í Cannes

Konungur heimildarmyndanna, Michael Moore, frumsýndi nýjustu mynd sína, *Sicko*, á Cannes-hátíðinni um helgina. Hanna Björk Valsdóttir sat blaðamannafund með Michael Moore í Cannes.

Sicko hefur fengið mikið lof gagnrýnenda á hátíðinni, sem segja hana bestu mynd Michaels Moore hingað til. Myndin fjallar um heilbrigðiskerfi Bandaríkjanna sem rekið er af tryggingar- og lyfjafyrirtækjum sem hafa það eitt að markmiði að auka hagnað og græða peninga, en sú stefna dregur sjúklinga daglega til dauða.

Moore gagnrýnir þetta kerfi harkalega en í myndinni kveður við annan tón en í fyrri myndum Moore þar sem hann ræðst ekki á stjórnámamenn og fyrirtækin í eins miklum mæli heldur beinir sjónum að sjúklingunum. Myndin fjallar ekki bara um þær fimmtíu milljónir Bandaríkjamanna sem eru ekki með sjúkratryggingu, og þar af eru 9 milljónir barna, heldur 250 milljónir Bandaríkjamanna sem eru með tryggingu en fá ekki lækningu þegar þeir þurfa. Daglega er sjúklingum neitað um nauðsynlegar meðferðir vegna þess að þeir hafa ekki efni á þeim og eru ekki með réttar tryggingar en tryggingafélögin reyna stöðugt að komast undan því að borga fyrir dýrar meðferðir.

Moore bendir í *Sicko* á að Bandaríkin eru eina landið í hinum vestræna heimi þar sem heilbrigðiskerfið er rekið í einkageiranum. Þá fer hann til Kanada, Bretlands og Frakklands og kannar hvernig heilbrigðiskerfið virkar þar.



MICHAEL MOORE Í CANNES Ný heimildarmynd Michael Moore, *Sicko*, var frumsýnd á kvikmyndahátíðinni í Cannes. Margir telja hana bestu mynd hans til þessa.

Moore í rannsókn hjá yfirvöldum

Minnstu munaði þó að myndin kæmist ekki til Cannes því yfirvöld hófu rannsókn á myndinni og mun Moore mæta í yfirheyrslur og á hugsanlega í vændum fangelsisvist vegna ferðar hans til Kúbu. Sicko endar á því að Moore fer með nokkra Ameríkana til Kúbu en ætlunin var að fara með þá til Guantanamo til að veita þeim sömu lækniástoð og fangar þar fá.

Moore sagði á blaðamannafundinum að myndin væri ætluð til þess að fá Bandaríkjamenn til að hugsa og hann vonaði að fólki myndi taka málið í sínar hendur. Forsetakosningar eru á næsta leiti í Bandaríkjunum en í myndinni lýsir Moore hvernig lyfja- og tryggingafélögin kaupa atkvæði stjórnámamanna fyrir háar upp-

hæðir og þá skiptir ekki máli í hvaða flokki.

„Ég vona að fólk muni hlusta í þetta skipti. Ég vil ekki þurfa að bíða í 10 til 20 ár eftir að allir Bandaríkjamenn eigi rétt á að komast til lækna og á spítala. Ég varaði við skotárásum í skólum í Bowling for Columbine en því miður eiga skotárásir sér enn stað. Ég varaði við stríði í Fahrenheit 9/11 en því miður erum við ennþá í stríði. Í þetta sinn snýst myndin ekki um að fletta ofan af einhverjum heldur að fólki taki sig saman um að breyta ástandinu,“ sagði Moore við blaðamenn.

Hugsar um heilsuna

Moore upplýsti einnig að við gerð myndarinnar hefði hann farið að hugsa betur um sína eigin heilsu,

en hann er einn af þeim mörgu Bandaríkjamönnum sem mega passa línurnar. „Ég er farinn að ganga meira og borða það sem fólk kallar grænmeti og ávexti,“ sagði hann og bætti við: „Ég hef misst 25 pund nú þegar.“

Myndin *Sicko* er sýnd á Cannes-hátíðinni í flokki sem er fyrir utan keppnina. Spurður af hverju hann hefði ákveðið að koma til Cannes þó að myndin væri ekki í keppninni svaraði Moore: „Ég er búinn að vinna Gullpálmann fyrir Fahrenheit 9/11 og ég þarf ekki að vinna annan. Þessi mynd snýst ekki um mig. Þessi mynd er um alla Bandaríkjamenn.“

Þessi mynd snýst líka um að við hættum að hugsa bara um okkur sjálf og förum að hugsa um annað fólk líka.“



Keith fílar ekki rapp



KEITH RICHARD Gítarleikari The Rolling Stones hefur lítið dálæti á rappstjörnum.

Keith Richards, gítarleikari The Rolling Stones, hefur lítið dálæti á rappstjörnum. „Ég hef engan áhuga á hip-hoppi. Samt er fullt af fólki þarna úti sem heldur að það sé aðalmálið,“ sagði Richards í viðtali við tímaritið Rolling Stone.

„Ég vil ekki láta öskra á mig; ég vil að það sé sungið til mín. Ég hef aldrei skilið hvers vegna fólk vill láta einhvern glæpamann frá Los Angeles ota fingrinum framan í sig. Ég fíla ekki þessa tónlist. Taktarnir eru leiðinlegir, enda eru þeir allir gerðir í tölvum.“

fjölbreytt nám við allra hæfi

almennt svið



Almennar bóklegar greinar eru hluti af námi á öllum brautum skólans. **Allt almenna námið er mats hæft á milli skóla eftir því sem við á.** Einnig er hægt að stunda nám í almennum greinum í eina til fjórar annir. Þeir nemendur sem lokið hafa eða stunda nám á starfsmenntabrautum geta bætt við sig námi sem leiðir til stúdentsprófs af starfsmenntabrautum/tæknistúdentspróf.

fjarnám




Fjarnám er áhugaverður kostur fyrir þá sem ekki geta nýtt sér staðbundnið nám, t.d. vegna vinnu eða búsetu. Í fjarnáminu er boðið upp á **fjölbreytt námsúrval í bóklegum og fagbóklegum greinum** ásamt ýmsum greinum meistaranámsins.

sérdeildasvið



Á sérdeildarsviði eru tvær brautir: **Starfsdeild** • **Nýbúabraut**. Auk þess er endurhæfingarnám Janusar (rekið í tengslum við skólann).

rafiðnasvið



Á rafiðnasviði eru eftirtaldar brautir: **Grunnnám rafiðna – NÝTT: Hraðnám í grunnnámi rafiðna. Inntökuskilyrði eru stúdentspróf eða sambærilegt**

- Rafvirkjun • Rafeindavirkjun • Rafvélavirkjun
- Rafveituvirkjun • Símsmiði.

Stúdentspróf af list- og starfsnámsbraut.

hönnunarsvið



Á hönnunarsviði eru fjórar brautir: **Listnámsbraut** (almenn hönnun og keramik) • **Hársnyrting** • **Fataiðnabraut** (klæðskurður og kjólasaumur) • **Gull- og silfursmíði**. Stúdentspróf af list- og starfsnámsbraut.

byggingasvið




Á byggingasviði eru fimm iðnbrautir í framhaldi af grunnnámi bygginga- og mannvirkjagreina: **Húasmíði • Húsgagnasmíði • Múrsmíði • Málun • Veggfóðrun og dúklagningar**. Stúdentspróf af list- og starfsnámsbraut.

upplýsinga- og margmiðlunarsvið



Á upplýsinga- og margmiðlunarsviði eru þrjár brautir: **Upplýsinga- og fjölmiðlabraut** • **Tækniteiknun** • **Margmiðlunarskólinn**. Stúdentspróf af list- og starfsnámsbraut.



Á tölvusviði er ein braut: **Tölvubraut** sem býður upp á sérhæfingu í **forritun** og **netkerfum**. Stúdentspróf af list- og starfsnámsbraut.



IDNSKÓLINN Í REYKJAVÍK
Skólavörðuholti | 101 Reykjavík
Sími 522 6500 | Fax 522 6501
www.ir.is | ir@ir.is

Léttklædd Britney þakkar aðdáendum

Britney Spears þakkar aðdáendum sínum fyrir allan þeirra stuðning á þeim erfiðu tímum sem hún hefur gengið í gegnum að undanförunu í ávarpi sem birtist á opinberri heimasíðu söngkonunnar. Á heimasíðunni birtist mynd af Britney fáklæddri, þar sem hún hylur brjóst sín með krosslögðum höndunum auk þess sem hún ber ljósa hárkollu.

„Ég nýt þeirrar blessunar að þið hugsið til mín og þykir vænt



um mig. Ég mun halda áfram að lifa í því ljósi sem fylgir ykkur aðdáendum á þessum erfiðu tímum,“ segir Britney meðal annars í ávarpinu, en sem kunnugt er fór söngkonan afar illa út úr skilnaði sínum við Kevin Federline fyrir í vetur og er hún tilþörlulega nýkomin úr áfengis-meðferð.

Paul og Heather semja frið

Bítillinn Sir Paul McCartney og eiginkona hans, Heather Mills, hafa gert með sér friðarsamkomulag. Hér eftir verður gengið frá skilnaði þeirra í rólegheitum, enda telja þau að lætin í kringum skilnaðinn séu farin að hafa áhrif á þriggja ára dóttur þeirra, Bea.

Paul og Heather hittust á sáttafundi á föstudag á veitingastað í London. Þar ræddu þau saman í rólegheitum í tíu mínútur á meðan dóttir þeirra lék sér. Þetta þykir til marks um gjörbreytt andrúmsloft þeirra á milli því hingað til hafa barnfóstrur séð um að afhenda öðru hvoru foreldrinu Bea eftir að hún hefur dvalist hjá hinu.

Samkomulag þeirra Pauls og Heather felur í sér að Paul heitir því að lögfræðingar hans muni



SÁTT Heather Mills er ánægð að ná sáttum við Paul McCartney.



LÍÐUR BETUR Paul McCartney er óðum að jafna sig á skilnaðinum.

innan árs ganga frá skilnaðarsáttmála sem Heather sættir sig við. Þá hefur verið ákveðið að þau muni saman fagna 65 ára afmæli Pauls með Bea. Á móti heitir Heather því að hætta við þau áform að flytjast til Bandaríkjanna. Fjárhagsvandræðum Heather er með þessum sáttmála lokið í bili því

Paul greiðir henni umsvifalaust eina milljón punda, um 125 milljónir króna.

„Þetta eru miklir erfiðleikar en mér líður sífellt betur. Það segja mér allir að líta á það jákvæða sem kom út úr þessu hjónabandi og það er Bea. Það gefur mér mikið,“ segir Paul McCartney.



TVÍBURAPIUR Mary-Kate og Ashley Olsen munu vera í viðræðum um að taka að sér hlutverk Bond-stúlka í næstu Bond-mynd. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Orðaðar við Bond-hlutverk

Tvíburasysturnar Mary-Kate og Ashley Olsen munu væntanlega feta í fótspor þokkadísanna Ursulu Andress, Jane Seymour og Halle Berry og taka að sér hlutverk í næstu Bond-mynd, sem hefur vinnutítilinn Bond 22. Samningur systranna mun þó fela í sér að þær þurfi ekki að leika í kynlífssenum. Talið er að Olsen-systur muni fara með hlutverk njósnara sem aðstoða 007. Aðrir sem orðaðir hafa verið við næstu Bond-mynd eru Goran Visnjic og hin ástralska Abbie Cornish. Judi Dench verður á sínum stað sem M og Daniel Craig leikur Bond að nýju.



YNGIR UPP Bruce Willis er í sambandi við Playboy-fyrirsætuna Tamöru Witmer, sem er tuttugu og níu árum yngri en leikarinn.

Willis herm-ir eftir Demi

Bruce Willis fetar í fótspor fyrrverandi eiginkonu sinnar, Demi Moore, og yngir aldeilis upp. Eins og flestir vita giftist Demi unglambinu Ashton Kutcher fyrir um tveimur árum síðan, en hann er heilum fimmtán árum yngri en leikkonan. Willis, sem er 52 ára gamall, er hins vegar í sambandi við Playboy-fyrirsætuna Tamöru Witmer, sem er 23 ára gömul. Á milli skötujuanna eru því ein tuttugu og níu ár.

Witmer, sem er einungis fimm árum eldri en elsta dóttir Willis og Moore, Rumer, segir aldursmuninn ekki vera vandamál. „Þótt hann sé sköllóttur plagar það mig ekkert. Hann er virkilega flottur,“ sagði hún í viðtali við blaðið Steppin' Out.

Bókarkápan 2006

Taktu þátt í netkosningu á www.odd.is/prentun

Auk netkosningar er valin besta bókarkápan að mati Félags starfsfólks bókaverslana, bestu þrjár bókarkápanar að mati dómnefndar ásamt sérstakri viðurkenningu fyrir athyglisverða bókargerð. Verðlaunin verða afhent að Kjarvalsstöðum 23. maí nk.



Oddi

Höfðabakka 3-7
110 Reykjavík
Sími 515 5000
www.odd.is

Nýtt í bíó

MAGNAÐUR SÁLFRÆÐITRYLLIR
ANTHONY HOPKINS • RYAN REYNOLDS
FRACTURE
EF ÞÚ RÝNIR NÓGU DJÚPT SÉRÐU
AÐ ALLIR HAFA VEIKAN BLETT.

LIB TOPPS.IS T.V.-KVÍKMYNDIR.IS FGG-FBL

SPIDERMAN 3
STÆRSTA ORRUATAN ER INNRI BARÁTTAN

FALIN ÁSYND
HARVEY WATTS EDWARD BOSTON
THE PAINTED VEIL
"Þú þad sem
erstir minn djúpt."

SMÁRA BÍÓ SÍMI 564 0000

REGNBOGINN SÍMI 551 9000

BORGARBÍÓ SÍMI 462 3500

FRACTURE	kl. 5.30 - 8 - 10.30	B.I. 14 ÁRA	THE PAINTED VEIL	kl. 5.30 - 8 - 10.30		FRACTURE	kl. 8 - 10.10	B.I. 14 ÁRA
IT'S A BOY GIRL THING	kl. 3.45 - 5.50 - 8 - 10.10	B.I. 10 ÁRA	IT'S A BOY GIRL THING	kl. 5.50 - 8 - 10.10		IT'S A BOY GIRL THING	kl. 6	
SPIDERMAN 3	kl. 5 - 8 - 10.50	B.I. 10 ÁRA	SPIDERMAN 3	kl. 6 - 9	B.I. 10 ÁRA	SPIDERMAN 3	kl. 6 - 9	B.I. 10 ÁRA
SPIDERMAN 3 SÝND Í LÚXUS	kl. 5 - 8 - 10.50		INLAND EMPIRE	kl. 5.45 - 9	B.I. 16 ÁRA			
PATHFINDER	kl. 8 - 10.15	B.I. 16 ÁRA						
TMNT	kl. 4 - 6	B.I. 7 ÁRA						
ÚTI ER ÆVINTYRI	kl. 3.45							

450 kr. í bíó! midi.is www.bio.is - allt á einum stað

Sími 553 2075

LAUGARAS BÍÓ - bara lúxus

FYRSTA STORMYNDI SUMARSINS
20.000 MANNS Á ADEINS 8 DOGUM!

SPIDERMAN 3
STÆRSTA ORRUATAN ER INNRI BARÁTTAN

Sýnd kl. 7 og 10 B.I. 10

Ohugnalega myndin grínholtravekja
í anda Shaun of the Dead.

SEVERANCE
ALLS EKKI FYRIR VÍÐKVEMA

THE CONDEMNED
Sýnd kl. 5.40 og 8 B.I. 16

MARK WAHLBERG
SHOOTER
Sýnd kl. 10.20 B.I. 16

MIDASALA ÓPNAR KL. 3.30

www.laugarasbio.is

HÁSKÓLABÍÓ
Stærsta kvikmyndahús landsins

EF ÞÚ RÝNIR NÓGU DJÚPT SÉRÐU AÐ ALLIR HAFA VEIKAN BLETT.

ANTHONY HOPKINS • RYAN REYNOLDS
FRACTURE
MAGNAÐUR SÁLFRÆÐITRYLLIR

STEVE AUSTIN LEIÐI VINNIE JONES
SVAKALEG HASARMYND MEÐ TÖFFARANUM VINNIE JONES.
THE CONDEMNED

JULIANNE MOORE
NEXT

DAS LEBEN DER ANDEREN / LÍF ANNARRA
BESTA MYND ÁRSINS
the lives of others

HEIMAVÖLLUR ÍSLENSKRAR KVÍKMYNDAÐERÐAR

SÍÐUSTU SÝNINGAR
KÖLD SLOÐ
MYRIN
2 FYRIR 1

HÁSKÓLABÍÓ

FRACTURE	kl. 5.30 - 8 - 10.30	B.I. 14 ÁRA
THE CONDEMNED	kl. 8 - 10.30	B.I. 16 ÁRA
THE LIVES OF OTHERS	kl. 5.30 - 8 - 10.30	B.I. 16 ÁRA
NEXT	kl. 8 - 10.30	B.I. 14 ÁRA
MYRIN 2 FYRIR 1 SÍÐUSTU SÝNINGAR	kl. 5.40	B.I. 12 ÁRA
KÖLD SLOÐ 2 FYRIR 1 SÍÐUSTU SÝNINGAR	kl. 5.50	B.I. 12 ÁRA

HAGATORG www.haskolabio.is SÍMI 530 1919

Viðunandi og vel það

Langbráð bið aðdáenda hljómsveitarinnar Mínuss er á enda í dag. The Great Northern Whalekill er komin út.

Rokkhljómsveitin Mínus var lengi vel ein helsta von Íslands um velgengi á alþjóðlegum rokkmarkaði. Síðasta plata sveitarinnar, meistara-verkið Halldór Laxness, sem kom út á Íslandi árið 2003 og hirti öll verðlaun sem besta platan það árið, var gefin út í Evrópu árið eftir og fékk fína dóma. Í kjölfarið spilaði sveitin töluvert, sérstaklega í Bretlandi, og



MÍNUS Fjögur ár eru liðin frá því meistara-verkið Halldór Laxness kom út. Arftaki þeirrar plötu er viðunandi að mati gagnrýnanda.

maður átti von á að Krummi yrði fastagestur á forsíðum Kerrang! og Metal Hammer um ókomna tíð. Síðustu ár hefur hins vegar farið frekar lítið fyrir Mínus og um leið hefur pressan á þá drengi aukist um að koma með nýja plötu.

The Great Northern Whalekill var tekin upp í The Sound Factory hljóðverinu í Los Angeles seint á síðasta ári. Upptökustjóri var Joe Baresi, sem hefur unnið með sveitum eins og Queens of the Stone Age, Melvins, Tool og Jesus Lizard, en um hljóðblöndun sá Íslendingurinn S. Husky Höskulds sem er margverðlaunaður fyrir störf sín á plötum með Noruh Jones, Fantomas og Solomon Burke svo örfáir séu nefndir.

TÓNLIST
The Great Northern Whalekill
Mínus

★★★★

Þó að The Great Northern Whalekill jafnast ekki á við meistara-verkið Halldór Laxness er þetta rokkplata yfir meðallagi sem ætti að falla í kramið hjá Mínus-aðdáendum.

Það er ekkert auðvelt að fylgja eftir meistara-verki eins og Halldór Laxness og það er hægt að segja það strax að Hvaladrápið er ekki jafn sterk plata. Hún er ekki jafn fersk eins og Halldór Laxness virkaði þegar hún kom út og hún er ekki jafn fullkomin hvað varðar lagasmíðar. Hún er hins vegar langt frá því að vera eitthvað léleg.

Yfirbragðið á The Great Northern Whalekill er í þessum kunnuglega Mínus-stíl. Mínus-hljómurinn er þarna og þetta ómótstæðilega rokk-grúv sem hljómsveitin er þekkt fyrir. En platan er líka nokkuð fjölbreytt. Þetta fer frá harðkjarna-keyrslu (Rhythm Cure) yfir í ný-proggskotið rokk í anda Tool (Throw Away Angel) yfir í hálfgerð pönk (Weekend Lovers) og Rip It Up byrjar sem órafmagnaður blús og breytist svo í hraða keyrslu. Shoot the Moon er svo næstum því poppaður smellur. Snilldarlag. Platan vinnur á við frekari hlustun og fer að virka almennilega eftir nokkrar umferðir í spilaranum. Smáatriði í útsetningum og sándi setja svip á einstaka lög og það hefur tekist sérstaklega vel með hljóðblöndun á söngnum.

Á heildina lítið er The Great Northern Whalekill rokkplata yfir meðallagi. Viðunandi arftaki meistara-verksins Halldór Laxness og rúmlega það.


Trausti Júlíusson

Með samning í Bandaríkjunum

Íslenska rokkveitin Envy of Nona hefur gert útgáfusamning við bandaríska plötufrirtækið Long Live Crime Records sem er í Los Angeles. „Þetta er einnar plötu samningur til fimm ára, með fyrirvara um næstu plötu,“ segir gítarleikarinn Helgi Axel, sem er hæstánægður með samninginn. „Þetta er það sem maður er búinn að vera að stefna að og þetta er loksins komið í gegn.“

Fyrsta plata Envy of Nona, Two Years Birth, kom út hér á landi á síðasta ári. Áætlað er að hún komi út 11. september í Bandaríkjunum og í kjölfarið mun Envy of Nona fara í tónleikaferð um landið. Að sögn Helga verður platan ekki tekin upp á nýjan leik fyrir Bandaríkjamarkað en þeir félagar tóku hana upp í sínu eigin hljóðveri. „Þeir voru ánægðir með „sándið“ á henni. Hún verður gefin út eins og hún er, við vitum ekki betur.“

Envy of Nona var stofnuð árið 2004 og er söngvarinn, Dave Dunham, hálfur Íslendingur og hálfur Bandaríkjamannur. Fram



ENVY OF NONA Rokkveitin Envy of Nona hefur gert útgáfusamning við bandarískt plötufrirtæki.

undan hjá sveitinni eru tónleikar á rokkhátíð í Vestmannaeyjum um hávitasunnhelgina og á Eistnaflugi í Neskaupstað í júlí.



TWO YEARS BIRTH Fyrsta plata Envy of Nona kemur út í Bandaríkjunum 11. september.

AUGLÝSINGASÍMI
FRÉTTABLAÐIÐ 550 5000

VERSILADU MIÐA Á NETINU Á **midi.is** www.SAMbio.is (575 8900)

HÖRUSPENNINGI MYND BYGGD Á SANNOGULEGUM ATBURÐUM.
 "Besta kvikmynd Fincher til þessa." David Aron, NEWSWEEK
 "Mögðuð kvikmynd!" Leonard Maltin, ENTERTAINMENT TONIGHT
 "An efa besta mynd ársins til þessa." O.F.

Frá D. Fincher leikstjóra SE7EN & FIGHT CLUB.

HILARY SWANK
 FRÁ FRAMLEIÐANDA MATRIX, DIE HARD OG LETHAL WEAPON
THE REAPING
 SUMT ER EKKI HÆGT AD ÚTSKYRA MED VÍSINDUM

SPIDER-MAN 3
 Stærsta orrustan er innri baráttan

GOAL II

SAMBIOW / ÁLFABAKKA		SAMBIOW / KRINGLUNNI		SAMBIOW / KEFLAVÍK		SAMBIOW / AKUREYRI	
ZODIAC	kl. 5:50 - 9	BREACH	kl. 8 - 10:10	ZODIAC	kl. 8 - 10:10	SPIDERMAN 3	kl. 8
ZODIAC VIP	kl. 5:50 - 9	MYL BEAN'S HOLIDAY	kl. 4	GOAL 2	kl. 5:50 - 8	BECAUSE I SAID SO	kl. 8
THE REAPING	kl. 5:50 - 8 - 10:10	ROBINSON F.J.	kl. 4	BLADES OF GLORY	kl. 8	THE MESSENGERS	kl. 10:10
SPIDER MAN 3	kl. 6 - 9	WILD HOGS	kl. 8	ROBINSON F.J.	kl. 8	THE REAPING	kl. 8 - 10:10
BLADES OF GLORY	kl. 5:50 - 8 - 10:10					GOAL 2	kl. 8
						BLADES OF GLORY	kl. 10:10

FORSALA HAFIN - TRYGGÐU ÞÉR MIÐA Í TÍMA! PIRATES - CARIBBEAN

Osbourne á frægðarstétt

Rokkarinn Ozzy Osbourne verður í júlí fyrstur allra til að fá nafn sitt á frægðarstétt Birminghamborgar í Englandi. Ozzy, sem ólst upp í út-hverfinu Aston í Birmingham, verður við-staddur athöfnina hinn 6. júlí.



OZZY

Ozzy fékk nafnið sitt á frægðarstétt Hollywood árið 2002 en segir hina nýju frægðarstétt mun mikilvægari. „Nafnið mitt er til á frægðarstétt Hollywood en að eiga stjörnu í heimaborg minni skiptir mig miklu meira máli,“ sagði Ozzy.

Skipuleggjandi athafnarinnar í Birmingham er hæstánægður með komu Ozzy. „Ozzy er af flestum talinn frægasta manneskjan frá Birmingham.“



GERARD BUTLER Butler hefur í nógu að snúast á næstunni. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIDA

Butler á bóllakafi

Leikarinn Gerard Butler, sem fór með aðalhlutverk í hasarmyndinni 300, er á bóllakafi í verkefnum um þessar mundir. Hann hefur tekið að sér hlutverk í Capone Rising, sem á að gerast á undan The Untouchables sem kom út fyrir tuttugu árum. Leikstjóri verður Brian De Palma, sem einnig stýrði The Untouchables.

Nicolas Cage leikur glæpaforingjann Al Capone, sem Robert De Niro lék í fyrri myndinni. Butler

mun leika Jimmy Malone, sem Sean Connery túlkaði á sínum tíma og hlaut Óskar fyrir.

Butler ætlar einnig að leika í framtíðartryllinum Game þar sem hugarstjórnum ræður ríkjum í heiminum. Auk þess mun hann leika á móti Jodie Foster í ævintýramyndinni Nim's Island sem er byggð á samnefndri barnabók. Butler sést næst á hvíta tjaldinu í P.S. I Love You þar sem mótaleikona hans er Hilary Swank.

Íslandsferð Incubus í nýju myndbandi

Tónleikar bandarísku rokkaranna í hljómsveitinni Incubus á Íslandi sem haldnir voru í vetur eru fyrirferðarmiklir í myndbandi nýjustu smáskífu sveitarinnar, Love Hurts. Myndbandið, sem er að miklu leyti gert af hljómsveitarmeðlimunum sjálfum, sýnir myndskreið frá upptökum í tónleikaferðalagi þeirra um Evrópu og er meðal annars sýnt frá heimsókn hljómsveitarmeðlima í Bláa lónið. Þar leika þeir sér við að kaffæra hver annan og maka botnleðju lónsins á líkamann. Um er að ræða fína auglýsingu fyrir

Bláa lónið, en lagið hefur meðal annars náð töluverðum vinsældum í Þýskalandi þrátt fyrir að Bandaríkjamenn hafi ekki kveikt á því enn sem komið er.

Íslensku tónleikagestirnir fá einnig að láta ljós sitt skína í myndbandinu þar sem nokkur myndbrot eru frá tónleikum sjálfum í Laugardalshöllinni. Þrátt fyrir að Incubus sé einna þekktust fyrir rokk í þyngra kantinum er Love Hurts róleg ballaða og er lagið að finna á nýjustu skífu sveitarinnar, Light Grenades.



INCUBUS Íslandsvinirnir í Incubus sýna frá ferð sinni til Íslands í myndbandi við lagið Love Hurts.

Sígild lög um sjómenn

Safnplatan Óskalög sjómanna kemur út hinn 29. maí í tilefni sjómanna dagsins 3. júní. Platan, sem er tvöföld, inniheldur fjórutíu sígild lög um sjómenn og sjómennsku.

Á safnplötunni er að finna lög frá árinu 1953 til dagsins í dag. Rjóminn af lögnum er með flytjendum sem gerðu garðinn fræg-




ÓSKALÖG SJÓMANNA Safnplatan Óskalög sjómanna kemur út þriðjudaginn 29. maí.

an á árum áður og eru öll lög in orðin sígild í dag. Mörg af þessum lögum hafa ekki áður komið út á geislaflötu eða hafa verið ófaánleg í mörg ár. Á meðal laga á safnplötunni má nefna Ship-o-hoj, Ó, María mig langar heim, Simbi sjómaður, Á sjó, Kátir voru karlar og Gvendur á Eyri.

TÓPAS ER FRAMTÍÐIN!

TÓPAS TIL FÓLKSINS



Topas FRELSISRÁÐIÐ



GARÐAR Var á skotskónum um helgina og skoraði þrennu fyrir Fredrikstad.

FRÉTTABLAÐIÐ/HEIDA

Þjálfari Fredrikstad:

Gott fyrir sjálfs-traust Garðars

FÓTBOLTI Þjálfari Fredrikstad, Anders Grønhagen, var ánægður með frammistöðu Garðars Jóhannssonar í bikarleiknum gegn Lisleby á laugardaginn. Fréttablaðið greindi frá því í gær að Garðar skoraði þrennu í leiknum á einungis fimmtán mínútum.

Grønhagen var spurður eftir leik hversu langt frá byrjunarliðinu Garðar væri eftir þessa frammistöðu en hann hefur ekki enn fengið að spreyta sig í deildinni. „Það er erfitt að segja til um en við sáum í dag að hann er kominn í gang og að hann hafi skorað þrjú mörk hér í dag er gott fyrir sjálfstraust hans.“

Garðar hefur harða samkeppni um sæti í byrjunarliðinu því átta framherjar eru hjá liðinu. „Við erum með marga leikmenn í þessa stöðu og það er jákvætt,“ sagði Grønhagen.

- esá

ÚRSLIT LEIKJA Í GÆR

Sænska úrvalsdeildin

GEFLE-HAMMARBY 1-0
Gunnar Þór Gunnarsson lék allan leikinn fyrir Hammarby og Heiðar Geir Júlíusson í 27 mínútur.

Sænska 1. deildin

HÄCKEN-IK SIRIUS 2-0
Ari Freyr Skúlason lagði upp síðara mark Häcken og var skipt af velli í hálfleik.

Ítalska úrvalsdeildin

ATALANTA-INTERNAZIONALE 1-1
CAGLIARI-AS ROMA 3-2
CHIEVO-ASCOLI 1-0
EMPOLI-REGGINA 3-3
MESSINA-FIORENTINA 2-2
PALERMO-SIENA 2-1
SAMPDORIA-CATANIA 1-0

Danska úrvalsdeildin

SILKEBORG-NORDSJÆLLAND 1-1
Hólmar Örn Rúnarsson var í byrjunarliði Silkeborg og skoraði eina mark liðsins á 12. mínútu. Bjarni Eiríksson og Hörður Sveinsson voru ekki með.

Danska 1. deildin

BK FREM-AGF 1-1
Kári Árnason var í byrjunarliði AGF.

Norska bikarkeppnin

EGERSUND-VIKING 0-6
Hannes Þ. Sigurðsson skoraði tvö mörk fyrir Viking og Birkir Bjarnason kom inn á sem varamaður.
FET-LYN 1-10
Stefán Gíslason skoraði tvö mörk fyrir Lyn sem lenti 1-0 undir í upphafi leiks.
FLISA-LILLESTRÖM 3-6
Viktor Bjarki Arnarsson var ekki í hópnum hjá L.
KIL/HEMNE-MOLDE 3-1
Marel Baldvínsson var ekki í hópnum hjá Molde.
SYKKYLVEN-ÁLASUND 0-7
Haraldur Freyr Guðmundsson lék allan leikinn.
TOTEN-VÅLERENGA 0-3
Árni Gautur Arason spilaði allan leikinn fyrir V.
TRIO-BRANN 0-5
Ármann Smári Björnsson og Kristján Örn Sigurðsson léku allan leikinn fyrir Brann en Ólafur Örn Bjarnason hvíldi.
VINDBJART-START 2-6
Jóhannes Harðarson lék allan leikinn fyrir Start.
ÅSSIDEN-STABÆK 1-9
Veigar Páll Gunnarsson skoraði eitt mark fyrir S.

Sænska úrvalsdeildin

FALKÖPING-MALMÖ 0-4
Ásthildur Helgadóttir var ekki með vegna meiðsla.

Skoska úrvalsdeildin

ABERDEEN-RANGERS 2-0
HIBERNIAN-CELTIC 2-1
Theódór Elmar Bjarnason lék allan leikinn fyrir Celtic. Hann þótti eiga góðan leik.
KILMARNOCK-HEARTS 1-0
Eggert Jónsson var ekki í leikmannahópi Hearts.

Framtíð íslenska þríeykisins hjá Silkeborg er í óvissu eftir að liðið féll í gær:

Enginn fer frítt frá Silkeborg

FÓTBOLTI Danska félagið Silkeborg féll í gær úr efstu deild þar í landi eftir 1-1 jafntefli gegn Nord-sjælland. Framtíð Íslendinganna þriggja hjá Silkeborg, Bjarna Ólafs Eiríkssonar, Hólmar Arnar Rúnarssonar og Harðar Sveinssonar, er í mikilli óvissu. Hólmar skor- aði eina mark liðsins í gær.

Kent Madsen, stjórnarformaður Silkeborgar, sagði í samtali við Fréttablaðið í gær að enginn Íslendinganna væri með klásúlu í samningi sínum um að hann breyttist við fallið og að það kæmi ekki til greina að neinn Íslendinganna færi frítt frá félaginu.

„Íslendingarnir þrír eru allir enn á samningi og við viljum gjarnan hafa þá áfram. Það er eðlilegt að þegar lið fellur niður um deild er áhugi til staðar á einhverjum leikmönnum og nokkur lið hafa spurst fyrir um Íslendingana. Það er ekkert öruggt í þessum efnum en það er ljóst að þeir fá ekki að fara frítt frá okkur,“ sagði Madsen.

Hólmar Örn sagði við Fréttablaðið í gær að hann hefði hug á að spila í efstu deildinni í Danmörku en ef hann yrði áfram hjá Silkeborg væri það enginn dauðadómur. „Ég er í það minnsta ekki að koma heim, það er alveg öruggt. Ég skoða mín



ALLT Í ÓVISSU Framtíð Harðar Sveinssonar ku vera í óvissu eins og allra Íslending- anna.

MYND/JAKOB STIGSEN ANDERSEN

mál eftir tímabilið og það hafa einhverjar þreifingar verið í gangi en það er aldrei neitt öruggt í þessu. Til að vera áfram inni í myndinni í landsliðinu er kannski æskilegt að spila í efstu deild en það er alveg hægt að bæta sig í 1. deildinni hér líka,“ sagði Hólmar.

Bjarni Ólafur sagði að það heill- aði ekki að spila í 1. deildinni í Danmörku en staðfesti þó ekki að hann myndi yfirgefa herbúðir liðsins.

Bjarni hefur áður sagt að hann ætli að skoða hvort eitthvað bjóðist erlendis en ef ekki gæti hann komið heim og spilað í Landsbankadeildinni. Bjarni lék með Val áður en hann fór til Danmerkur en hann sagði að það væri ekki sjálfgefið að hann gengi aftur í raðir Hlíðarenda- félagsins og í raun kæmi hvaða lið sem er til greina.

Ekki náðist í Hörð vegna málsins í gær.

- hþ



TEKIST Á Kew Jaliens, leikmaður AZ, skýlir hér boltanum fyrir Gabrí hjá Ajax.

NORDIC PHOTOS/AFP

Mikilvægt hjá AZ Alkmaar:

AZ vann Ajax í fyrri leiknum

FÓTBOLTI Grétar Rafn Steinsson var í byrjunarliði AZ Alkmaar sem vann í gær 2-1 sigur á bikar- meisturum Ajax í fyrri leik lið- anna um laust sæti í Meistaradeild Evrópu. PSV Eindhoven vann meistaratilinn og er því komið í Meistaradeildina.

Tvö mörk voru skoruð snemma í leiknum en sigurmarkið kom á 89. mínútu og var þar Georgíu- maðurinn Shota Arveladze að verki. Grétari var skipt af velli á 53. mínútu.

- esá

Frá kr. 1.430.000

Getz

- ABS með ESP hemlavörn
- Innbyggð árekstrarvörn
- 240/977 ltr. farangursrymi
- Geislaspilari / MP3 og 4 hátalarar
- Hiti í sætum (Getz Sport)
- Topplúga (Getz Sport)

Frá kr. 16.900 á mánuði*

Flottur er algjört skilyrði

Fáðu þér Getz og vertu á bíl sem uppfyllir öll skilyrði.

Frá kr. 16.900 á mánuði*

- ✓ Flottur
- ✓ Rúmgóður
- ✓ Öruuggur

- ✓ Hagstæður
- ✓ Traust bílaumboð
- ✓ Góð þjónusta

Með bílinn handa þér

Bíll á mynd: Getz GLS 5 dyra á 16" álfelgum. Bílasamningur miðast við 80% lánslyftfall af kr.1.430.000 í 84 mánuði og í erlendri myntkórðu, JPY 50%, CHF 50%.

HYUNDAI

www.hyundai.is

B&L - Grjóthálsi 1 - 110 Reykjavík - 575 1200 - www.bl.is

Hyundai hefur gæðin



KR-völlur, áhorf.: 1.608 Einar Örn Danielsson (6)

1-0 Sigmundur Kristjánsson (7.)
1-1 Magnús Páll Gunnarsson (67.)

TÖLFRÆÐIN

Skot (á mark)	13-7 (3-5)
Varin skot	Kristján 4 - Hjörvar 2
Horn	2-2
Aukaspjrnur fengnar	14-23
Rangstöður	4-3

KR 4-3-3	BREIÐAB. 4-4-2
Kristján Finnbogs 7	Hjörvar Hafliða 7
Skúli Jón Friðgeirss. 4	Árni Kristinn Gunn. 3
Tryggvi Bjarnason 6	(65. Steinþór Þorst. 5)
Gunnlaugur Jónsson 7	Guðmann Þóris. 3
Ágúst Gylfason 4	Srdjan Gasic 6
Atli Jóhannsson 6	Arnór Sveinn Aðalst. 7
(82. Óskar Hauks. -)	Olgeir Sigurgeirss. 4
Pétur Marteinsson 4	Nenad Petrovic 7
Grétar Hjartarson 5	(86. Ellert Hreinsson -)
Sigmundur Kristjánss. 6	*Arnar Grétarsson 8
(82. Guðm. Péturss. -)	Kristján Óli Sigurðss. 4
Björgólfur Takefusa 5	(46. Gunnar Jónss. 5)
Jóhann Þórhallsson 4	Magnús Páll Gunn. 6
(65. Guðm. Reynir 6)	Nenad Zivanovic 6

*Maður leiksins

Markaskorariinn Egill Atlason:

Byggðum upp
góðar sóknir

FÓTBOLTI „Við erum með eldfjótta menn frammi og það væri einfaldlega vitleysa að nýta það ekki,“ sagði Egill Atlason eftir Víkinga og Fram í gær. Hann skoraði fyrra mark Víkinga í 2-0 sigri á Fram.

„Okkur líkar við að spila hraðar sóknir en þær voru miklu betri í dag en í fyrsta leiknum. Þá vorum við meira að þruga fram og vona það besta en í dag náðum við að byggja upp virkilega góðar sóknir,“ bætti hann við.

- vig

KR og Breiðablik skildu jöfn í annari umferð Landsbankadeildar karla í gærkvöldi:

„Þessi spilamennska er ekki ásættanleg“

FÓTBOLTI KR og Breiðablik sættust á jafnan hlut í Vesturbænum í gærkvöldi. Heimamenn komust yfir snemma leiks eftir að hafa sótt hart að marki Blika frá upphafsmínúttunni. Sigmundur Kristjánsson gerði þá harða atlögu að Guðmanni Þórisssyni, sem hreinsaði boltann nánast í Sigmund og inn. Slyslegt mark en KR komið yfir.

Eftir markið dattu leikmenn KR neðarlega á völinn og beittu óskynsamlegri aðferð í að senda boltann langt fram völinn. Í raun óskiljanlegt þar sem þeir spiluðu á móti vindi og boltinn lét að von illa að stjórn í háloftunum. Þegar liðið spilaði boltanum með jörðinni gengu atlögur þess að Blikamarkinu betur enda sóknarmenn liðsins hrifnari af því að fá boltann í fætturna. KR er með marga leikmenn sem eru góðir á boltanum og með ólíkindum að liðið spili boltanum ekki betur á milli sín.

Blikar spiluðu vel í síðari hálfleiknum og uppskárú verðskuldað



SKOT AÐ MARKI Markaskorariinn Sigmundur Kristjánsson lætur hér vaða að marki Blika en Arnór Sveinn Aðalsteinsson er til varnar.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

jöfnunarmark þegar Magnús Páll Gunnarsson nýtti sér hik í vörn KR. Hvorugt liðið náði að bæta við mörkum en spilamennska KR hélt áfram að vera á þann veg að senda langa bolta fram völinn á meðan Blikar spiluðu betur sín á milli.

„Þetta var sorglegt. Í fyrri hálf-

leik erum við miklu betri en svo byrjum við að kyla boltann fram og höldum því út leikinn. Við eigum að halda boltanum betur meðfram jörðinni og eitt stig eftir tvo leiki er alls ekki ásættanlegt,“ sagði Sigmundur Kristjánsson, markaskorari KR í leiknum.

- hþ

Nýliðar Fram fóru illa að ráði sínu á heimavelli í gærkvöldi:

Víkingar nýttu færin en Framarar ekki

FÓTBOLTI Framarar geta nagað sig í handarbökin fyrir að hafa ekki nýtt nokkur afgerandi marktækifæri í leiknum gegn Víkingum í gær. Með réttu hefðu Framarar átt að skora 3-4 mörk í leiknum í gær en voru klaufar uppi við mark andstæðingsins.

Gestirnir úr Víkingi þökkðu heimamönnum fyrir klaufaskapinn á besta mögulega hátt, með því að skora tvö lagleg mörk í síðari hálfleik. Fyrst skoraði Egill

Atlason eftir flotta skyndisókn, en þær eru klárlega helsta vopn Víkinga. Sinisa Kekic gulltrygðði síðan sigurinn á 86. mínútu með marki af stuttu færi. Grétar Sigfinnur Sigurðsson brenndi af vítaspjrnunni í fyrri hálfleik en það kom ekki að sök.

Framarar pressuðu nokkuð eftir mark Egils en eins og áður segir var þeim fyrirmunað að koma boltanum framhjá Bjarni Þórði Halldórssyni í marki Vík-

ings, sem varði nokkrum sinnum frábærlega í síðari hálfleik. Liðið spilaði engu að síður ágætlega á köflum, sérstaklega í fyrri hálfleik.

Víkingar virðast vel meðvitaðir um eigin getu og spila eftir því. Leikmenn liðsins berjast eins og ljón, eru fastir fyrir í vörninni og beita svo skyndisóknum. Sinisa Kekic er sem fyrr algjör lykilmáður og sá sem sér um að byggja upp sóknarspilið.

- vig



EGILL SKORAR Víkingurinn Egill Atlason kom sínum mönnum á bragðið með marki í síðari hálfleik.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Veldu þann sem
þér líkar best

Mazda hefur lægstu bilanatiðni allra bíla samkvæmt rannsókn tryggingafélagsins Warranty Direct. Helmingi lægri en Toyota. Hagsýnn Íslendingur velur praktískan og fallegan bíl. Þess vegna eru gæði Mazda góður kostur fyrir þig. Veldu þann sem þér líkar best. Uppgötvaðu nýja og betri þjónustu Mazda á Íslandi. Veldu sportlega og praktíska hönnun. Núna Mazda3.

Spurðu Mazda eigendur um þjónustu Brimborgar. Komdu í Brimborg og reynsluaktu Mazda3.



Spurðu um endursöluverð á Mazda. Komdu í nýjan og glæsilegan sýningarsal Mazda hjá Brimborg - Bildshöfða 8



Í KVÖLD

STÖÐ 2 KL. 20.05

Grey's Anatomy

Í kvöld verður sýndur tvöfaldir þáttur um lækna unga. Ástarmálin eru jafn flókin og endranær enda varla nokkur úr starfsliðinu sem ekki hefur gerst sekur um nán samskipti við einhvern úr lækna-liðinu eða jafnvel sjúklingana. Í þætti kvöldsins fær einn af læknum tilbóð úr óvæntri átt sem gæti orðið til þess að hann yfirgæfi Seattle Grace.



▶ LEITIN AÐ ADAM

Þættirnir DNA Mystery: The Search for Adam fjalla um uppruna mannsins. Erum við öll afkomendur Adams? Og ef hann var til, hver var hann þá, hvar átti hann heima og hvernig leit hann út? Svörin við þessum spurningum og fleiri þeim tengdum eru reifuð í þessari bandarísku fræðslumynd.



RÁS 1 FM 92,4/93,5

06.50 Bæn	16.10 Veðurfregnir
07.05 Morgunvaktin	16.13 Hlaupanótan
09.05 Laufskálinn	17.03 Viðsjá
09.45 Morgunleikfimi	18.00 Kvöldfréttir
10.13 Stefnumót	18.24 Auglýsingar
11.03 Samfélagið í nærmynd	18.25 Spegillinn
12.00 Fréttayfirlit	18.50 Dánarfregnir og auglýsingar
12.03 Hádegisútlarp	19.00 Vítinn
12.20 Hádegisfréttir	19.30 Laufskálinn
12.45 Veðurfregnir	20.10 Söngvamál
13.00 Vilt og breitt	21.00 Framtíð lýðræðis
14.03 Útlarpssagan: Lífsjátning	21.55 Orð kvöldsins
14.30 Miðdegistónar	22.15 Listahátíð í Reykjavík 2007
15.03 Krossgötur	00.10 Útlarp á samtengdum rásum til morguns
16.00 Síðdegisfréttir	

FM 90,9 Talstöðin FM 99,4 Útlarp Saga FM 98,9 Bylgjan FM 95,7 FM957 / Topp tónlistarstöðin FM 102,2 Útlarp Latibær / Fjölskyldu útlarp FM 102,9 Lindin / Kristilegt efni FM 96,7 Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying FM 105,5 Útlarp Boðun / Kristilegt efni FM 88,5 XA-Radíó / 12 spora efni FM 97,7 X-ið / Enginn viðbjóður

SYN

- 07.00 Landsbankamörkin 2007
- 07.30 Landsbankamörkin 2007
- 08.00 Landsbankamörkin 2007
- 08.30 Landsbankamörkin 2007
- 13.45 Landsbankadeildin 2007 (Keflavík - FH)
- 15.35 Spænski boltinn (Recreativo - Real Madrid)
- 17.15 NBA - Úrslitakeppnin
- 19.15 Landsbankamörkin 2007
- 19.45 Landsbankadeildin 2007 (HK - ÍA)
- 22.00 Spænsku mörkin
- 22.45 Þýski handboltinn
- 23.15 Coca Cola mörkin Hér er farið yfir allt það helsta sem gerðist í liðinni umferð í ensku 1. deildinni í knattspyrnu. Mörg félöganna í deildinni eru með íslenska leikmenn á sínum snærum og því kærkomið að fá tækifæri til þess að fylgjast með tilþrifum þeirra í hverri einustu umferð.
- 23.45 Landsbankadeildin 2007 (HK - ÍA)
- 01.35 Heimsmeistaramótið í Póker

FASTEIGNASJÓNVARPIÐ

- 20.00 Nýjar eignir Nýjustu eignirnar á markaðnum sýndar.
- 21.00 Einbýlishús Ertu að leita að einbýlishúsi – þú finnur það hér!
- 22.00 Fjölbýli og hæðir Litlar og meðalstórar eignir sýndar.
- 23.00 Nýjar eignir e.
- 0.00 SMS eignir Veldu þá eign sem þú vilt skoða með því að senda sms-skilaboð.

DR 1

- 6.00 Elmers verden 6.15 Brum 6.30 Smag på Danmark - med Meyer 7.00 Grønne glæder 7.30 Tandfle tur/retur 8.00 Kong Carl XVI Gustaf 60 år 8.30 Græsrodder 9.00 Den 11. time 9.30 Hjerterum 10.00 TV Avisen 10.10 21 Søndag 10.50 OBS 10.55 Ellen MacArthur - solosejladis jorden rundt 11.50 Aftenshowet 12.20 Søren Ryge direkte 12.50 Nyheder på tegnsprog 13.00 TV Avisen med vejret 13.10 Dawson's Creek 14.00 Hjerteflimmer 14.30 Sørover Snup 14.35 Monster allergi 15.00 Dragejægerne 15.30 Den lille brand-skole 15.55 Gurli Gns 16.00 Aftenshowet 16.30 TV Avisen med Sport 16.55 Aftenshowet med Vejret 17.30 Genbrugsguld 18.00 DR1 Dokumentaren - Maze retur 19.00 TV Avisen 19.25 Horisont 19.50 SportNyt 20.00 Inspector Rebus 21.10 Fantastiske mis. Pritchard 22.00 OBS 22.05 Poul Martinsen kavalkade 4.30 Dyrene fra Lilleskoven 5.00 Rasmus Klump 5.10 Palle Gns på eventyr 5.30 NU er det NU 6.00 Elmers verden

NRK1

- 6.30 Jukeboks: Du skal høre mye 7.30 Jukeboks: Jazz 8.15 Med hjertet på rette staden 9.05 Ut i naturen 9.30 Migrapolis: Fritid på norsk 10.00 Siste nytt 10.05 Evig ung 11.00 Siste nytt 11.05 Forfatterportrett 11.30 Viten om 12.00 Siste nytt 12.05 Norge rundt 12.30 Åpen himmel 13.00 Giro d'Italia 15.00 Siste nytt 15.03 Giro d'Italia 15.25 Oddasat - Nyheter på samisk 15.40 Mánáid-TV - Samisk barne-tv 15.55 Nyheter på tegnspråk 16.00 Mikkes klubbhus 16.25 Sauer 16.40 Distriktsnyheter 17.00 Dagsrevyen 17.30 Puls 17.55 Faktor: Ame og Timotei - leker med livet 18.25 Redaksjon EN 18.55 Distriktsnyheter 19.00 Dagsrevyen 21 19.30 Sykkelkveld fra Italia 19.40 Livets porto 20.30 Landeplage 21.00 Kveldsnytt 21.15 Napoleon 22.50 Little Britain 5.30 Sport Jukeboks

SVT 1

- 7.30 Världen 8.30 Ekonomicoaching 8.55 The New Tomorrow 9.20 Kompissatelliten 9.30 Runt i naturen - solen, månen og den röda planeten 9.40 Osynliga sår 10.00 Rapport 10.05 Agenda 11.00 Sportspeglan 12.30 Nattbar 14.00 Rapport 14.10 Gomorron Sverige 15.00 Ramp 15.30 Krokmax 16.00 Charlie och Lola 16.10 Asta-Marie, det är jag 16.20 Brum 16.30 Evas funkprogram 16.45 Dr Dogg 17.00 Skolbytte på prov 17.15 Planet Sketch 17.30 Rapport 18.00 Expedition Linné 19.20 Plus 19.50 Pinn-kod 20.00 I sinnets våld 21.00 Rapport 21.10 Kulturmystererna 21.20 Sagan om furstinnan Grace 22.20 Sändningar från SVT24 4.00 Gomorron Sverige

SUMARHÚSAEIGENDUR - FELLIHÝSAEIGENDUR ATH!

NÚ STANDA YFIR

DÝNUDAGAR!!!

HEILSURÚM

með tvöföldu fjaðrakerfi

Verð frá: kr. 37.440

20% Afsláttur



Stærðir:

70 x 200 cm.
80 x 200 cm.
90 x 200 cm.
100 x 200 cm.
120 x 200 cm.
140 x 200 cm.
160 x 200 cm.
180 x 200 cm.

YFIRDÝNUR gera rúmið þitt notalegra

20% Afsláttur



EGGJABAKKADÝNUR

Verma og mýkja

Allar stærðir

30% Afsláttur

SPRINGDÝNUR

Verð frá: kr. 12.720

20% Afsláttur

Stærðir: 70 x 200 cm. 120 x 200 cm.
80 x 200 cm. 140 x 200 cm.
90 x 200 cm. 160 x 200 cm.
100 x 200 cm. 180 x 200 cm.



SÉRSKORINN SVAMPUR

20% Afsláttur



SVAMPDÝNUR EFTIR MÁLI

20% Afsláttur



KODDAR OG SÆNGUR

20% Afsláttur



SVEFNÓFAR

20-40%

ÞAR SEM FAGMENNSKA OG FJÖLBREYTNÍ FARA SAMAN

Opíð virka daga 10-18 og laugardaga 11-15

Reykjavík: Mörkin 4, s: 533 3500 Akureyri: Hofsbót 4, s: 462 3504 Egilsstaðir: Miðvangur 1, s: 471 2954



VORÚTSALA

MYNDAVÉLAR

OG TÖKUVÉLAR MEÐ MIKLUM AFSLÆTTI

VERÐDÆMI 1



**6 MEGA
PIXEL**

OLYMPUS FE190

STAFRÆN MYNDAVÉL með 6 milljón punkta upplausn, 3x Optical Zoom og 4x Digital Zoom, 6.3 - 18.9mm linsu (35mm samb.: 38 - 114mm), 2.5" LCD skjá, hreyfimynda-töku, 3 myndstærðum, 22Mb innra minni og USB tengingu við tölvu. Tekur xD kort.

TILBOÐ ▶ 17.990

FULLT VERÐ kr. 24.990

VERÐDÆMI 2



FRÁBÆR VIÐ ÖLL BIRTUSKILYRÐI

**7.1 MEGA
PIXEL**

BrightLight
Technology

OLYMPUS MJU740SIL

Digital MYNDAVÉL með 7.1 milljóna punkta upplausn, 5x Optical Zoom og 5.6x Digital, 6.4 - 32mm linsu, 2.5" LCD skjá, Autofocus og Auto White Balance, Auto Exposure, hreyfimynda-töku með hljóði, hristivörn, 8 myndstærðir, Auto Flass og Red Eye Reduction, USB tengingu og 17 Mb minni. Tekur xD kort.

TILBOÐ ▶ 24.990

FULLT VERÐ kr. 33.990

VERÐDÆMI 3



**10 MEGA
PIXEL**

**1GB
xD kort
fylgir!**

OLYMPUS MJU1000

STAFRÆN MYNDAVÉL með 10 milljón punkta upplausn, 3x Optical Zoom og 5x Digital Zoom, 7.4 - 22.2mm linsu (35mm samb.: 35 - 105mm), 2.5" LCD Skjár (230.000 pixlar), frábær við öll birtuskilyrði, hreyfimyndataka með hljóði, USB tengingu við tölvu, 28,5Mb innbyggðu minni. Tekur xD kort. 1Gb xD kort fylgir.

TILBOÐ ▶ 29.990

FULLT VERÐ kr. 44.990

VERÐDÆMI 4

Everio Share Station

**20GB
HARÐUR
DISKUR**

**SKRIFAR
BEINT Á
DVD DISKA**



JVC GZMG47SHARE

Órsmá Digital Media TÖKUVÉL með 20GB hörðum disk (falt að 25 tíma upptaka) og innbyggðri kyrrmyndavél, 1/5" upptökufloðu með 1.33 MegaPixel upplausn, 2.7" LCD skjá, F1.2 linsu, tekur Secure Digital kort, 15x Optical Zoom og 700x Digital Zoom, Dolby Digital hljóðupptöku og USB 2.0. Everio Share Station fylgir. Tekur SecureDigital kort.

TILBOÐ ▶ 64.990

FULLT VERÐ kr. 74.990

VERÐDÆMI 5

TÖKUVÉL ÁN SPÓLU

**JVC
GZMC500**

**5 MEGA
PIXEL
KYRRMYNDAVÉL**

**MEÐ
4GB
MicroDrive**



Ótrúlega Nett Digital Media TÖKUVÉL með premur 1/4.5" upptökufloðum með 1.33 MegaPixel upplausn, 5 Megapixel kyrrmyndötöku (2.560x1.920 Pixlar), 1.8" LCD skjá, 4GB MicroDrive, hægt að taka upp á Microdrive, CompactFlash og SecureDigital kort. 10x Optical Zoom og 200x Digital Zoom, innbyggðri vef og kyrrmyndavél, Dolby Digital hljóð-upptaka, Snapshot möguleiki, titrings-deyfi og USB2 tengi. Stærð í sm (b x h x d): 8.0x5.5x11.8. Þyngd 400 grömm.

TILBOÐ ▶ 94.990

FULLT VERÐ kr. 149.990

ALLT AÐ 60% AFSLÁTTUR

ÚTVÖRÞ FERÐATAEKI MINNISKORT HEYRNARTÓL FERÐATÖLVUR
MP3 SPILARAR HLJÓMTÆKI IPOD HÁTALARAR STAFRÆNAR
MYNDAVÉLAR BÍLTÆKI OG FLEIRA



Sjónvarpsmiðstöðin

RAFTÆKJAVERSLUN • SÍÐUMÚLA 2 • SÍMI 568 9090 • www.sm.is

FRÉTTABLAÐIÐ

SÍMANÚMÉR FRÉTTABLAÐSINS: 550 5000, fax: 550 5099 Rítstjórn: 550 5005, fax: 515 7506, ritstjorn@frettabladid.is
DREIFING: dreifing@posthusid.is Auglýsingaeynd: auglysingar@frettabladid.is Veffang: visir.is

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR

SMÁUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000

LYFJA
- Lífið heil

Opið 8-24
alla daga

Lyfja Lág múla
Lyfja Smáratorgi



BAKÞANKAR

ÞRÁINS BERTELSSONAR

Stjórn heilbrigðrar skynsemi

Nýja ríkisstjórn Frakklands skipa 15 ráðherrar. Frakkar eru um 64 milljónir talsins þannig að kostnaður við hvert ráðuneyti er borinn uppi af rúmlega 4 milljónum landsmanna. Í síðustu ríkisstjórn Íslands sátu 12 ráðherrar. Íslendingar eru um 300 þúsund þannig að um 25 þúsund manns bera uppi kostnaðinn við hvert ráðuneyti. Íslenska utanríkisráðuneytið eitt og sér kostar skattgreiðendur um níu og hálfan milljarð á ári. Sé deilt í þá upphæð með 25 þúsund kemur út upphæðin 380 þúsund krónur á hvert mansbarn. (Já, það er dálítið mikið).

HELSTA markmið utanríkisráðuneytisins er að vinna Íslandi sæti í Öryggisráði Sameinuðu þjóðanna sem er sú deild SP sem fer með hernaðarmál. Enginn hefur enn þá getað útskýrt hvaða vitneskja eða sérþekking það er sem íslenska utanríkisráðuneytið býr yfir á sviði hernaðarmála og telur brýnt að leggja fram á alþjóðavettvangi. Það er góðra gjalda vert að vilja auka veg Íslands og virðingu meðal þjóða. Skynsamlegra væri þó að bjóða sig fram til verka á sviði mannréttinda, þróunarhjálpur eða menntamála fremur en á hernaðarsviði.

GEGGJUN, bruðl og stórmennskubrjálæði í íslenskri stjórnsýslu er því miður ekki sérgrein utanríkisráðuneytisins. Það er víðar pottur brotinn. Nú situr hópur fólks austur á Þingvöllum við að koma saman nýrri ríkisstjórn handa þjóðinni. Það væri óskandi að þetta góða fólk setti sér það takmark að fara skynsamlega og sparlega með skattþeninga samborgara sinna, til dæmis með því að skrufa fyrir eitt-hvað af sírennslinu á vegum hins opinbera. Ærin verkefni blasa við á því sviði og utanríkisráðuneytið er aðeins eitt dæmi af mörgum um úþenslu og bjánagang sem þarf að stöðva.

NÚ má einu gilda hvort sú stjórn sem verið er að mynda kallar sig Þingvallastjórn eða Baugstjórn. Það sem skiptir máli er að stjórnin beri virðingu fyrir þjóðinni og einsetji sér að stjórna af réttsýni, hagsýni og heiðarleika. Það er kominn tími til að okkar ágæta þjóð fái þá stjórn sem hún á skilið: Stjórn heilbrigðrar skynsemi.



NISSAN 4x4



Verð aðeins **2.990.000 kr.**
Innifalið í verði: Bakkvörn, dráttarveisli og stigbretti

FYRSTIR KOMA

FYRSTIR FÁ!

NÚ BJÓÐUM VIÐ NOKKRA NISSAN X-TRAIL SPORT
Á FRÁBÆRU VERÐI MEÐ VEGLEGUM AUKAPAKKA!

RÍKULEGUR STAÐALBÚNAÐUR

Staðalbúnaður: 17" álfelgur, 4x4, lítað gler, 6 diska geislaspilari, 3 drifstillingar, loftkæling, sjálfskipting, útvarpsfjarstýring í stýri, sóllúga.

KOMDU OG REYNSLUAKTU!

Ingvar Helgason

Sævarhófa 2 Sími 525 8000 www.ih.is

Opið: Mánudaga – föstudaga kl. 9.00 - 18.00 og laugardaga kl. 12.00 - 16.00

Umboðsmenn
um land allt

Akureyri
464 7940

Höfn í Hornafirði
478 1900

Njarðvík
421 8808

Reyðarfirði
474 1453

Wii
LEIKJATÖLVA

NÝ
UPPLIFUN!

Nær 7 milljón Nintendo
Wii leikjatölvur seldar
um allan heim
VERÐ 29.900 kr.



OLYMPUS
OLYMPUS mj740

VEÐURVARIN

7.1 milljón pixlar

5 x aðdráttarlinsa (36-180mm)

2.5" LCD skjár

23 tækustillingar

BrightCapture tækni gefur

frábær myndgæði í litilli birtu

Innbyggð 17 MB minni,

hægt að stækka með XD minniskorti

Hleðslutæki og Lithium-ion rafhláða fylgir

VERÐ:

33.900 kr.

TILBOÐSVERÐ

24.900 kr.



Pioneer

PIONEER DVR-440H

DVD upptökutæki með hörðum disk

Innbyggður 80GB harður diskur (allt að 227 klst. upptaka)

Tekur upp á allar gerðir DVD diska (Dual-Layer)

Chase Play – samhljóða afspilun og upptaka

Spilar öll DVD svæði, MP3, JPEG og DivX



VERÐ: 65.900 kr.

TILBOÐSVERÐ: 49.900 kr.

Jamo

Jamo S-502

Vandað heimabíókerfi

með 5 hátölurum og bassaboxi /

6X60W / HDMI tengi / USB tengi

VERÐ: 49.900 kr.

TILBOÐSVERÐ: 39.900 kr.



HDMI

ORMSSON

UM LAND ALLT · www.ormsson.is

VORSALAN Á FULLU!!